

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B57-60

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Mínniháttar gallar á bls. 1183, 1206, og 3. kápusíðu.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 57-60

Nr. 332-357

2003

Efnisyfirlit B 57–60 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
332	9. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um húsbréf og húsbréfavíðskipti nr. 157/2001, sbr. nr. 408/2001 og 637/2001	1161-1163
333	9. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð um lánaflokka Íbúðalánasjóðs nr. 458/1999, sbr. nr. 1000/2001	1164
334	12. maí	Reglugerð um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka	1165
335	8. maí	Auglýsing um deiliskipulag í Reykjavík og Kópavogi	1165
336	13. maí	Reglugerð um rækjuveiðar á Breiðafirði 2003	1166
337	29. apríl	Gjaldskrá fyrir bílastæðagjald í Reykjavík	1167-1169
338	15. maí	Auglýsing um bann við innflutningi frá Þýskalandi vegna Avian Influenzu eða fuglaflensu og framlenging banns við innflutningi frá Belgíu	1170
339	28. apríl	Skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Maríu Kristínar Stephensen	1171-1172
340	7. apríl	Reglur um verklag Persónuverndar við afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsóknna	1172-1176
341	8. maí	Reglugerð um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur	1176-1205
342	8. maí	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði	1205-1210
343	30. apríl	Auglýsing um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla	1210-1213
344	8. maí	Skipulagsskrá fyrir Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	1213-1215
345	2. maí	Auglýsing um skipulag menntamálaráðuneytis	1215-1217
346	8. maí	Auglýsing um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Austur-eyjar I og III í Bláskógabyggð	1217
347	2. maí	Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Þórshafnarhrepps, nr. 109/1999	1218
348	8. maí	Gjaldskrá fyrir hundahald á Suðurnesjum	1218-1219
349	8. maí	Reglur um breytingu á reglum nr. 552/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám	1219-1220
350	11. feb.	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Hvalfjarðarstrandarhreppi	1220
351	28. apríl	Skipulagsskrá Vildarbörn - Ferðasjóður	1221-1222
352	6. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla	1223-1224
353	6. maí	Gjaldskrá fyrir búfjáreftilit á Akranesi	1224
354	9. maí	Auglýsing um gildistöku deiliskipulags í Þingeyjarsveit	1225
355	9. maí	Reglugerð um undanþágu frá skilyrðum, um rétt til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi	1225-1226
356	6. maí	Reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VI).	1226-1231
357	13. maí	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum) (VI)	1232

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 2003

9. maí 2003

1161

Nr. 332

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um húsbréf og húsbréfavíðskipti nr. 157/2001, sbr. nr. 408/2001 og 637/2001.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

6. tölul. verður svohljóðandi:

Með *íbúðarkaupanda* er átt við einstakling(a), hjón eða sambúðarfólk.

7. tölul. verður svohljóðandi:

Með *húsbyggjanda* er átt við einstakling(a), hjón eða sambúðarfólk.

13. tölul. verður svohljóðandi:

Íbúðarkaupandi eða húsbyggjandi telst vera að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, ef hann hefur ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár. Íbúðarkaupandi eða húsbyggjandi skal staðfesta það með því að leggja fram vottorð frá skattstjóra eða Fasteignamati ríkisins fyrir næstliðin 3 tekjuár. Heimilt er að miða tímabilið við dagsetningu þinglýsts kaupsamnings. Undanþegið er ef íbúðarkaupandi hefur eignast minna en helming úr íbúð fyrir arf.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ráðstöfun.

Húsbréfadeildin ráðstafar húsbréfum til seljanda, húsbyggjanda, íbúðareiganda eða byggingaraðila í skiptum fyrir þinglýst fasteignaveðbréf. Fasteignaveðbréfi fæst ekki skipt fyrir húsbréf nema framsal bréfsins sé ótvírætt og bréfið beri með sér að framseljandi hafi formgilda heimild til bréfsins þ.m.t. að framsalsröð sé óslitin. Framsöl skulu undirrituð af framseljanda eða þeim sem hefur heimild til að skuldbinda hann.

Fyrirsvarsmáður/-menn lögaðila skulu sanna fyrirsvar sitt. Sé fasteignaveðbréf framselt skv. umboði skal umboðsmáður leggja fram skriflegt og ótvírætt umboð.

Þegar skiptin eiga sér stað er fasteignaveðbréf greitt með húsbréfum metnum á reiknuðu verði þeirra miðað við fyrsta vaxtadag fasteignaveðbréfsins, sbr. 39. gr.

3. gr.

Við 12. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Fasteignaveðbréfi fæst ekki skipt fyrir húsbréf nema framsal bréfsins sé ótvírætt.

4. gr.

15. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Kaup á hluta úr íbúð.

Heimilt er að kaupa fasteignaveðbréf vegna kaupa á hluta úr íbúð ef íbúðin er fyrir í sameign.

Fjárhæð fasteignaveðbréfs getur numið allt að 65% af kaupverði eignarhlutans að teknu tilliti til hlutfalls áhvílandi lána, sbr. 29. gr.

Hjón eða sambúðaraðilar, sem keypt hafa íbúð saman, fá ekki fyrirgreiðslu Íbúðalánasjóðs til kaupa sín í milli á eignarhluta íbúðar.

Við hjúskapar- og sambúðarslit er heimilt að kaupa fasteignaveðbréf sem má nema allt að 65% af matsverði íbúðarinnar, þó ekki hærri en sem nemur kaupverði eignarhlutans. Um matsverð íbúða gilda ákvæði 29. gr.

Íbúðalánasjóður getur heimilað yfirtöku eldri lána við hlutakaup þótt íbúð hafi ekki verið fyrir í sameign.

5. gr.

Við 16. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Húsbréfadeild er þó heimilt að veita aðila fyrirgreiðslu til að kaupa aftur eign sem hann hefur misst á uppboði.

6. gr.

Við 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Húsbréfadeild er þó heimilt að kaupa fasteignaveðbréf eftir framangreind tímamörk ef kaupandi og seljandi gera með sér samkomulag þar um.

7. gr.

1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, orðast svo:

Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði notaðrar íbúðar, sbr. 29. gr., ef umsækjandi er að kaupa sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar að frádregnum áhvílandi lánnum, sbr. 3. mgr. 18. gr., þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en 8.000.000 kr.

8. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Viðhald, endurbætur og endurnýjun.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við viðbyggingu og endurbætur. Það sama á við um fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði og til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði sem stuðla að betri nýtingu á endurnýjanlegum vistvænum orkugjöfum. Þegar um endurbætur og/eða endurnýjun er að ræða skulu a.m.k. 15 ár vera liðin frá fokhaldi eignar nema þegar um orkusparandi endurbætur er að ræða. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skal gefið út af íbúðareiganda á nafn Íbúðalánasjóðs. Áður en skipt er á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf skal því þinglýst.

Umsóknnum um skuldabréfaskipti vegna viðbyggingar, endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing. Skal umsókn berast húsbréfadeild áður en framkvæmdum lýkur.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf vegna endurbóta og endurnýjunar á

notuðu íbúðarhúsnæði eða vegna orkusparandi endurbóta fyrir en framkvæmd er lokið. Íbúðareigandi skal leggja fram staðfestingu frá þar til bærum aðila á því að verkið hafi verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu.

9. gr.

24. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Viðbyggingar.

Fasteignaveðbréf, frumbréf og viðaukabréf, geta numið að hámarki 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna viðbyggingarinnar, sbr. þó 25. gr. Ef um meiri háttar viðbyggingu er að ræða má skipta fasteignaveðbréfi í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi vegna viðbyggingarinnar. Fjárhæð frumbréfs vegna viðbyggingar getur numið allt að 90% af byggingarkostnaði fokheldrar viðbyggingar, sbr. þó 25. gr. Viðaukabréf getur numið mismuninum á samþykktri fjárhæð og fjárhæð frumbréfs á útgáfudegi þess. Við gerð viðaukabréfs skal einnig taka með í reikninginn uppfærð áhvílandi lán.

Fjárhæð fasteignaveðbréfs vegna meiri háttar endurbóta eða endurnýjunar á notuðu húsnæði getur numið að hámarki 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna endurbóta eða endurnýjunar, sbr. þó 25. gr.

Þegar um meiri háttar viðbyggingu er að ræða er hún, ásamt tengdum endurbótum á eldri hlutum húsnæðisins, talin ein og sama framkvæmd.

10. gr.

25. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs.

Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði og vegna orkusparandi endurbóta má að hámarki nema 3.831.000 kr.

Við meiri háttar viðbyggingu ásamt tengdum endurbótum á eldra húsnæði er þó heimilt að láta ákvæði 21. gr. um skuldabréfaskipti vegna nýbygginga gilda.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfi fyrir húsbref sem nemur lægri fjárhæð en 570.000 kr.

Hámarkslánstími fasteignaveðbréfa vegna endurbóta, endurnýjunar á húsnæði og vegna endurbóta sem leiða til orkusparnaðar skal vera 25 ár.

Hámarksveðsetning íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar er 65% af matsverði íbúðarinnar skv. 29. gr.

11. gr.

Við 38. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, bætist ný málsgrein sem orðast svo: Heimild skv. 1. mgr. tekur einnig til fasteignaveðbréfa og lána sem veitt voru úr Byggingarsjóði ríkisins.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr., 29. gr. og 50. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. maí 2003.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um lánaflokka Íbúðalánasjóðs nr. 458/1999, sbr. nr. 1000/2001.

1. gr.

7. tölul. 36. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, fellur brott.

2. gr.

Við 41. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Þegar sérþarfir væntanlegra leigutaka krefjast aukinnar sameignar hjá öldruðum, örkjum eða fötluðum er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að taka tillit til sameignar við mat á lánshæfum byggingarkostnaði íbúða þeirra. Stjórn Íbúðalánasjóðs setur nánari reglur um framkvæmd þessa.

3. gr.

42. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingum, orðast svo:

42. gr.

Sala á afnotarétti.

Frá 1. júní 2003 er félögum og félagasamtökum óheimilt að selja leigjanda afnotarétt í viðkomandi íbúð.

Samningar um kaup á afnotarétti sem gerðir voru fyrir 1. júní 2003 halda þó gildi sínu. Um þá samninga gilda ákvæði 3. til 6. mgr.

Gjaldið má nema allt að 30% af samþykktum byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar samkvæmt viðmiðunum Íbúðalánasjóðs og takmarkast við eigið framlag umsækjanda af samþykktum byggingarkostnaði eða kaupverði íbúðar, sbr. 1. mgr. 39. gr.

Gerður skal skriflegur samningur um sölu afnotaréttar. Í samningnum skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila. Kvöð skal þinglýst á viðkomandi íbúð. Hafi leigjandi keypt afnotarétt skal hann jafnframt njóta lægri leigugreiðslna í samræmi við lækkaðan fjármagnskostnað á viðkomandi íbúð. Við lok samningstímans skal leigjandi fá endurgreiddan hlut sinn samkvæmt ákvæðum samnings.

Segi handhafi afnotaréttar upp leiguhúsnæði sínu skal hann jafnframt senda viðkomandi félagi eða félagasamtökum skriflega ósk um endurgreiðslu afnotaréttarins. Endurgreiðsla afnotaréttar skal fara fram eigi síðar en við rýmingu íbúðarinnar. Segi félag eða félagasamtök upp leigjanda sem hefur keypt afnotarétt í viðkomandi íbúð skal afnotaréttur endurgreiddur, samkvæmt ákvæðum samnings um leið og uppsagnarfresti samkvæmt húsaleigulögum, nr. 36/1994, lýkur.

Að öðru leyti en kveðið er á um í grein þessari skal leigjandi fá endurgreiddan hlut sinn í samræmi við samþykktir hlutaðeigandi félags eða félagasamtaka.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 2003.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. maí 2003.

Páll Pétursson.

Óskar Páll Óskarsson.

REGLUGERÐ

um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka.

1. gr.

Frá og með 15. maí 2003, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar á Þórsbanka á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|--------------------------|---------------------------|
| 1. 64° 16' N – 12° 00' V | 7. 63° 30' N – 10° 55' V |
| 2. 64° 10' N – 12° 09' V | 8. 63° 45' N – 10° 40' V |
| 3. 64° 00' N – 12° 09' V | 9. 64° 04' N – 11° 04' V |
| 4. 63° 46' N – 12° 09' V | 10. 64° 17' N – 10° 34' V |
| 5. 63° 26' N – 11° 55' V | 11. 64° 37' N – 10° 51' V |
| 6. 63° 17' N – 11° 20' V | 12. 64° 33' N – 11° 30' V |

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. maí 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

8. maí 2003

Nr. 335

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjavík og Kópavogi.

Reykjanesbraut, Stekkjarbakki, Smiðjuvegur, mislæg gatnamót, breyting á deiliskipulagi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 4. mars 2003 og bæjarstjórn Kópavogs þann 11. mars 2003, breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Reykjanesbrautar milli Stekkjarbakka og Breiðholtsbrautar varðandi breytingar á mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar, Stekkjarbakka og Smiðjuvegur og svæðisins í kringum gatnamótin.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 8. maí 2003.

Helga Bragadóttir,
skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar.

Birgir Sigurðsson,
skipulagsstjóri Kópavogsbæjar.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 2003

Nr. 336

1166

13. maí 2003

REGLUGERÐ

um rækjuveiðar á Breiðafirði 2003.

1. gr.

Á tímabilinu 15. maí til 30. júní 2003, er skipum sem eru 105 brl. að stærð eða minni og skráð eru frá höfnum á norðanverðu Snæfellsnesi og gerð eru út þaðan heimilt að stunda rækjuveiðar á Breiðafirði, sunnan 65°10'N og utan línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Krossnessvita. Við veiðar á þessu svæði skulu skipin búin seiðaskilju, sbr. reglugerð nr. 304 3. maí 1999. Afli sem fenginn er við þessar veiðar reiknast til úthafsækjuafla skipsins.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. maí 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 2003

29. apríl 2003

1167

Nr. 337

GJALDSKRÁ

fyrir bílastæðagjald í Reykjavík.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi gildir um greiðslu bílastæðagjalds í Reykjavík. Bílastæðagjald rennur í Bílastæðasjóð Reykjavíkurborgar.

2. gr.

Gjaldflokkar.

Bílastæðagjald greiðist fyrir þann fjölda bílastæða sem á skortir til að uppfylltar séu kröfur um fjölda bílastæða samkvæmt 64. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, deiliskipulagi og reglum þeim sem Reykjavíkurborg hefur sett sér um bílastæði. Gjaldið er mismunandi eftir gjaldflokkum eins og nánar greinir hér að neðan (sjá einnig kort í viðauka):

Gjaldflokkur I, kr. 320.000 á stæði:

Allt íbúðarhúsnæði austan Kringlumýrarbrautar auk íbúðarhúsnæðis í Suðurlíðum vestan Kringlumýrarbrautar milli Suðurlíðar og Bústaðavegar.

Gjaldflokkur II, kr. 650.000 á stæði:

Allt húsnæði í miðborginni eins og hún er afmörkuð í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Gjaldflokkur III, kr. 1.100.000 á stæði:

Allt íbúðarhúsnæði vestan Kringlumýrarbrautar nema það sem fellur í gjaldflokk I og II. Einnig allt atvinnuhúsnæði í borginni s.s. fyrir stofnanir, atvinnu- og þjónustustarfsemi, verslanir o.fl. að undanskildu atvinnuhúsnæði sem fellur í gjaldflokk II.

Bílastæðagjald samkvæmt gjaldskrá þessari breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Eru fjárhæðir bílastæðagjalds miðaðar við byggingarvísitölu 285,5 stig.

3. gr.

Ákvörðun bílastæðagjalds.

Við ákvörðum bílastæðagjalds skal fjöldi stæða reiknast með einum aukastaf, þ.e. upp á 1/10 úr stæði.

4. gr.

Greiðsla bílastæðagjalds.

Bílastæðagjald skal greitt eða um greiðslu þess samið áður en byggingarleyfi er gefið út.

Vanskil á greiðslu gjaldsins veitir byggingarfulltrúa heimild til að synja um úttektir og útgáfu vottorða fyrir viðkomandi mannvirki.

Gjaldinu fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallnar greiðslur með fjárnámi.

Bílastæðagjald verður ekki endurgreitt þótt byggingarleyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi ef liðið er meira en eitt ár frá greiðslu þess. Sama gildir ef notkun húss er breytt þannig að kröfur um fjölda bílastæða vegna þess séu minni en voru vegna fyrri notkunar þess.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. heimild í 54. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, og samþykkt í borgarráði Reykjavíkur 29. apríl 2003, öðlast þegar gildi og falla þá úr gildi eftirtaldar greinar reglna um bílastæðagjald, sem samþykktar voru í borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. janúar 1987 með síðari breytingum, 2. mgr. 1. gr., 13. gr., 14. gr. og 15. gr.


Ákvæði til bráðbirgða.

Til að stuðla að uppbyggingu í miðborginni skal bílastæðagjald skv. gjaldflokki II (öllu húsnæði í miðborginni eins og hún er afmörkuð í aðalskipulagi Reykjavíkur) vera kr. 200.000 á stæði, tímabundið í 5 ár frá gildistöku gjaldskrár þessarar. Tekur gjaldið breytingum í samræmi við 2. mgr. 2. gr. Ákvæði þetta er afturvirkir til 1. janúar 2003. Skal þeim sem greitt hafa bílastæðagjöld skv. eldri reglum frá þeim tíma endurgreiddur mismunur gjaldsins skv. ákvæði þessu og eldri reglum.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 29. apríl 2003.

Pórólfur Árnason.

Ívar Pálsson.



VIÐAUKI

Kort með gjaldskrá fyrir bílastæðagjald í Reykjavík er sýnir hvar gjaldflokkur gildir:

Gjaldflokkur I, kr. 320.000 á stæði:

Allt íbúðarhúsnæði austan Kringlumyrarbrautar auk íbúðarhúsnæðis í Suðurlíðum vestan Kringlumyrarbrautar milli Suðurlíðar og Bustabævegjar.

Gjaldflokkur II, kr. 650.000 á stæði:

Allt húsnæði í miðborginni eins og hún er áhrókuð í aðalskipulagi Reykjavíkur.

Akvæði til bráðabirgða vörðandi gjaldlokk II:

Til að stuðla að uppbyggingu í miðborginni skal bílastæðagjald skv. gjaldflokki II (öllu húsnæði í miðborginni eins og hún er áhrókuð í aðalskipulagi Reykjavíkur) vera kr. 200.000 á stæði ímálandið í 5 ár frá gjaldflokki gjaldskrár þessarar. Akvæði þetta er átturirkt til 1. janúar 2003. Skal þeim sem greiðt hafa bílastæðagjald skv. eldri reglum frá þeim tíma endurgreiddur mismunur gjaldsins skv. akvæði þessu og eldri reglum.

Gjaldflokkur III, kr. 1.100.000 á stæði:

Allt íbúðarhúsnæði vestan Kringlumyrarbrautar nema það sem fellur í gjaldlokk I. og II. Einmíg allt atvinnuhúsnæði í borginni s.s. fyrir stofnanir, atvinnu- og þjónustustarfsemi, verslanir o.fl. að undanskildu atvinnuhúsnæði sem fellur í gjaldflokki II.

ATH.

Það athugasamt að bílastæðagjaldið breytist til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu. Eru fjárhæðir gjaldsins mibáða við byggingarvísitölu 286,5 stfj.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi frá Þýskalandi vegna Avian Inflúensu eða fuglaflensu og framlenging banns við innflutningi frá Belgíu.

1. gr.

Með vísan til þess að upp hefur komið „Avian Inflúensa“ í Þýskalandi, sem er skæður fuglasjúkdómur sem borist getur í menn og aldrei hefur greinst á Íslandi, er sett bann við innflutningi til landsins á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Þýskalandi.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi og gildir til 16. júní 2003.

Jafnframt er framlengt til 16. júní samskonar bann við innflutningi frá Belgíu sem sett var með auglýsingu landbúnaðarráðherra nr. 313/2003.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 2003

28. apríl 2003

1171

Nr. 339

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Maríu Kristínar Stephensen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Maríu Kristínar Stephensen.

Hjónin Stephán Stephensen og Anna Sigríður Stephensen, fædd Melsted, ákváðu með arfleðsluskrá, gerðri 30. júní 1915, að verja mestum hluta eftirlátinna eigna sinna til stofnunar sjóðs er bæri nafnið „Minningarsjóður Maríu Kristínar Stephensen“. Skiplagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest 21. desember 1928. Samkvæmt henni skyldi verja 2/3 hluta eignanna til stofnunar átta sjóða en 1/3 hluti skyldi mynda höfuðstól Minningarsjóðs Maríu Kristínar Stephensen.

Skiplagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrárinnar sem staðfest var 21. desember 1928 og tekur til þess hluta upphaflegu skipulagsskrárinnar sem varðar 1/3 hluta Minningarsjóðs Maríu Kristínar Stephensen.

2. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er á Akureyri.

3. gr.

Eignir sjóðsins voru hinn 1. janúar 2002 kr. 3.677.084,09.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og arður af stofnfé, árleg framlög og aðrar tekjur.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur útskrifaðar úr framhaldsskólum á Akureyri til háskólanáms á sviði raunvísinda eða lista.

6. gr.

Árlega má verja allt að 9/10 hluta af tekjum/vöxtum sjóðsins í samræmi við tilgang hans. Tekjur, sem þá standa eftir að frádrögnum kostnaði við rekstur sjóðsins, skulu lagðar við höfuðstólinn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, einn skipaður af menntamálaráðherra, einn af bæjarstjórn Akureyrar og einn af rektor Háskólans á Akureyri.

8. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir einu sinni á ári eftir umsóknum um styrki úr honum.

9. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi vörslu fjármuna hans og ber að ávaxta þá á sem tryggi-
legastan hátt.

10. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

11. gr.

Gera má breytingar á skipulagsskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna
breyttra aðstæðna. Skipulagsskránni verður þó ekki breytt nema með samþykki allra stjórn-
armanna og staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

12. gr.

Telji stjórn sjóðsins að hann geti ekki á einhverjum tíma gegnt hlutverki sínu getur hún
ákveðið að leggja hann niður, enda sé hún einhuga um það og dómsmálaráðherra heimili.
Eignum sjóðsins skal þá verja til málefnis sem stjórnin telur best falla að hlutverki hans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og fellur þá jafnframt
úr gildi skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 21. desember 1928, nr. 81 í B-deild Stjórn-
artíðinda 1928.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem
starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. apríl 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUR

um verklag Persónuverndar við afgreiðslu umsókna um aðgang að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna.

I. KAFLI

Gildissvið og leyfisumsókn.

1. gr.

Gildissvið.

Meginreglan er sú að þegar unnið er með persónuupplýsingar við vísindarannsóknir á
heilbrigðissviði skal vinnsla upplýsinganna byggjast á samþykki þátttakenda í rannsókninni.
Þessar verklagsreglur gilda um nokkrar undantekningar frá framangreindri meginreglu sem
byggjast á 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Þessar verklagsreglur gilda einvörðungu um umsóknir lækna, annarra heilbrigðisstarfsmanna og háskólanema á sviði heilbrigðisfræða um leyfi til aðgangs að sjúkraskráum vegna aftursýnna vísindarannsókna og um afgreiðslu Persónuverndar á þeim umsóknum.

Með aftursýnni vísindarannsókn er hér ekki átt við rannsókn þar sem gert er ráð fyrir virkri þátttöku sjúklings, s.s. með því að hann gefi upplýsingar eða láti lífsýni í té, heldur aðeins rannsókn sem uppfyllir bæði eftirfarandi skilyrði:

1. er vísindarannsókn í skilningi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga,
2. byggist einungis á vinnslu upplýsinga úr fyrirliggjandi skráum og sjúkraskráum sem færðar hafa verið í samræmi við fyrirmæli 14. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga.

Þessar verklagsreglur gilda ekki um aðgang að lífsýnum í þágu vísindarannsókna á heilbrigðissviði.

2. gr.

Umsókn.

Ábyrgðaraðila aftursýnnar vísindarannsóknar ber að leggja fyrir Persónuvernd undirritaða umsókn þar sem sótt er um leyfi til þess að fá aðgang að sjúkraskráum vegna rannsóknarinnar.

Umsóknin skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Persónuverndar (personuvernd.is). Skila ber útfylltri umsókn til skrifstofu stofnunarinnar.

Í umsókninni skal m.a. taka fram:

1. hvernig verður staðið að gerð vísindarannsóknarinnar (rannsóknaráætlun),
2. hvernig rannsóknarþýðið verður fundið,
3. hjá hvaða stofnun eða sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni óskað er eftir að fá aðgang að sjúkraskráum,
4. hvaða tegundum heilsufarsupplýsinga óskað er eftir að mega safna úr sjúkraskráum,
5. hvort fyrirhugað sé að skrá persónuauðkenni og þá hvaða,
6. hvernig fyrirhugað sé að vinna með heilsufarsupplýsingarnar.

3. gr.

Samþykki ábyrgðaraðila sjúkraskrár.

Með umsókn, skv. 2. gr., skal fylgja undirrituð yfirlýsing ábyrgðaraðila þeirra sjúkraskráa sem óskað er aðgangs að. Þar skal koma fram hvort viðkomandi ábyrgðaraðili sé samþykkur því fyrir sitt leyti að veita aðgang að sjúkraskránum vegna viðkomandi vísindarannsóknar, fáist til þess leyfi Persónuverndar og siðanefndar, eða eftir atvikum vísindasiðanefndar.

4. gr.

Aðgangur að upplýsingum úr öðrum skráum en sjúkraskráum.

Ef óskað er aðgangs að persónuupplýsingum úr öðrum skráum en sjúkraskráum verður ábyrgðarmaður þeirra að veita sérstaka skriflega yfirlýsingu um að hann sé reiðubúinn að láta af hendi persónuupplýsingar í því skyni að unnið verði með þær vegna viðkomandi vísindarannsóknar, eins og henni er lýst í umsókn til Persónuverndar. Slík yfirlýsing verður að fylgja umsókninni til Persónuverndar. Þar verður að koma fram á hvaða lagaheimild ábyrgðaraðili byggir afstöðu sína.

1. mgr. gildir ekki um samkeyrslu við nöfn, kennitölur, heimilisföng eða aðrar slíkar almennar lýðskrárupplýsingar.

II. KAFLI Leyfisskilmálar.

5. gr.

Skilmálar sem Persónuvernd setur.

Persónuvernd bindur þau samþykki sem hún veitir fyrir aðgangi að sjúkraskrá þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, enda uppfylli rannsóknin skilyrði vísindarannsóknar, sbr. 4. mgr. 2. gr. sömu laga. Þetta gildir hvort heldur sjúkraskrá er í vörslum heilbrigðisstofnunar, sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns eða Þjóðskjalasafns Íslands.

6. gr.

Lögbundnir leyfisskilmálar.

Þegar ábyrgðaraðili rannsóknar fer þess á leit við ábyrgðarmann sjúkraskráa, sbr. reglugerð nr. 227/1991 um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál, að fá aðgang að sjúkraskrá skal hann framvísa leyfi Persónuverndar til slíks aðgangs.

Leyfi Persónuverndar eru bundin því skilyrði að ábyrgðarmaður sjúkraskráa veiti ekki aðgang að sjúkraskrá nema fyrir liggi að siðanefnd, eða eftir atvikum vísindasiðanefnd, hafi lagt mat á rannsóknina og látið í té skriflegt álit þess efnis að hvorki vísindaleg og siðfræðileg sjónarmið mæli gegn framkvæmd hennar, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, sbr. 4. mgr. 2. gr. sömu laga.

Þegar veittur er aðgangur að sjúkraskrá á grundvelli leyfis Persónuverndar ber að skrá það í sjúkraskrána, sbr. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

7. gr.

Söfnun og skráning persónuupplýsinga úr sjúkraskrá.

Einvörðungu er heimilt að safna úr sjúkraskrá þeim heilsufarsupplýsingum sem tilgreint er í leyfi Persónuverndar að nota megi við viðkomandi rannsókn.

Í rannsóknargögn má einungis skrá upplýsingar um fæðingarmánuð, fæðingarár og kyn hvers sjúklings. Persónuvernd getur þó heimilað skráningu og tímabundna varðveislu upplýsinga um kennitölur sjúklinga á meðan verið er að undirbúa rannsóknargögn.

Óheimilt er að skrá í rannsóknargögn upplýsingar um nöfn sjúklinga, nafnnúmer, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer, tölvupóstfang eða aðrar sambærilegar upplýsingar um sjúklinga.

8. gr.

Eyðing kennitalna.

Þegar þær heilbrigðisupplýsingar sem leyfi Persónuverndar tekur til hafa verið skráðar í rannsóknargögn, og eftir atvikum verið staðreynt að þær séu réttar, og gögnin að öðru leyti verið fullgerð, skal eyða úr þeim öllum kennitölum og tryggja að ekki liggi fyrir auðkenning á því frá hvaða sjúklingi heilsufarsupplýsingarnar stafa. Þegar þetta hefur verið gert má hefja frekari úrvinnslu á heilbrigðisupplýsingum í þágu rannsóknarinnar, sbr. þó 2. mgr. 12. gr.

9. gr.

Dulritun kennitalna.

Ef ábyrgðaraðili rannsóknar telur mikilvæga hagsmuni standa í vegi fyrir eyðingu kennitalna, skv. 8. gr., s.s. ef stefnt er að framhaldsrannsókn, getur hann sótt um það til Persónuverndar að kennitölur verði í þess stað dulritaðar. Persónuvernd setur þá sérstök öryggisskilyrði, þ. á m. um það hver skuli annast dulritunina og bera ábyrgð á tímabundinni varðveislu greiningarlykils.

10. gr.

Þagnarskylda aðstoðarfólks.

Taki háskólanemar eða aðrir, sem ekki teljast til löggiltra heilbrigðisstétta, þátt í framkvæmd vísindarannsóknar skuli þeir undirrita þagnarskylduyfirlýsingu. Ábyrgðaraðili eða fulltrúi hans skal votta rétta undirskrift hlutaðeigandi og dagsetningu slíkrar yfirlýsingar og koma henni til Persónuverndar innan tilskilins frests frá útgáfu leyfis. Þagnarskylduyfirlýsingin er byggð á 3. mgr. 35. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum. Á heimasíðu Persónuverndar (personuvernd.is) er að finna staðlað eyðublað fyrir slíka þagnarskylduyfirlýsingu.

Ef þagnarskylduyfirlýsingunum er ekki skilað innan tilskilins frests getur Persónuvernd afturkallað úttekið leyfi til aðgangs að sjúkraskrá.

11. gr.

Tilsjónarmaður Persónuverndar.

Persónuvernd getur afgreitt umsókn með skilyrði um að sérstakur tilsjónarmaður verði skipaður til að hafa eftirlit fyrir hönd Persónuverndar með því að vinnsla sé í samræmi við lög og að ábyrgðaraðili greiði allan kostnað sem af því hlýst, sbr. 3. mgr. 35. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

12. gr.

*Sérákvæði um vísindarannsóknir
sem eru hluti af námi háskólanema.*

Háskólanemi í heilbrigðisfræðum getur því aðeins verið ábyrgðarmaður vísindarannsóknar að fyrir liggi staðfesting þess efnis að rannsóknin sé hluti af skipulögðu háskólanámi hans. Þeir sem veitt geta slíka staðfestingu eru leiðbeinandi nemans, formaður rannsóknar-námsnefndar deildar eða skorar, eða aðrir til þess bærir starfsmenn háskólans.

Ef ábyrgðaraðili er háskólanemi má úrvinnsla ekki hefjast fyrr en leiðbeinandi hans hefur staðreynt að rannsóknargögn hafi verið gerð ópersónugreinanleg í samræmi við ákvæði 8. gr.

Ákvæði 9. gr. gildir ekki um vísindarannsókn ef háskólanemi í heilbrigðisfræðum er ábyrgðaraðili hennar.

Leyfi sem Persónuvernd veitir háskólanema í heilbrigðisfræðum er bundið þeim skilmála að hann undirriti þagnarskylduyfirlýsingu, sem byggð er á 3. mgr. 35. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum. Þagnarskylduyfirlýsingin skal fylgja umsókninni, en á heimasíðu Persónuverndar (personuvernd.is) er að finna staðlað form fyrir slíka þagnarskylduyfirlýsingu.

III. KAFLI

Framkvæmd vísindarannsóknar.

13. gr.

*Eftirlits og stjórnunarskyldur
ábyrgðaraðila vísindarannsóknar.*

Hverjum þeim er starfar í umboði ábyrgðaraðila vísindarannsóknar eða vinnsluaðila, að vinnsluaðila sjálfum meðtöldum, og hefur aðgang að persónuupplýsingum, er aðeins heimilt að vinna með persónuupplýsingar í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila innan skilyrða leyfis Persónuverndar nema lög mæli fyrir á annan veg, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum.

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga uppfylli ávallt ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum.

14. gr.

Áhættumat og öryggi persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili vísindarannsóknar skal gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar gegn óleyfilegum aðgangi í samræmi við 11. og 12. gr. laga nr. 77/2000, með síðari breytingum. Þar er m.a. áskilið að:

1. beita skuli ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni og kostnaði við framkvæmd þeirra og
2. að ábyrgðaraðili beri ábyrgð á því að áhættumat og öryggisráðstafanir við vinnslu persónuupplýsinga séu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli Persónuverndar um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga, þ.m.t. þá staðla sem hún ákveður að skuli fylgt.

IV. KAFLI

Eftirlit o.fl.

15. gr.

Eftirlit Persónuverndar.

Á grundvelli 38. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, getur Persónuvernd fyrirvaralaust krafist ábyrgðaraðila rannsóknar um aðgang að rannsóknargögnum í því skyni að sannreyna að farið sé að settum skilmálum Persónuverndar.

16. gr.

Heimild.

Verklagsreglur þessar eru settar á grundvelli 1. og 5. tölul. 3. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og taka þegar gildi.

Persónuvernd, 7. apríl 2003.

Valtýr Sigurðsson varaformaður.

Sigrún Jóhannesdóttir

REGLUGERÐ

um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.

I. KAFLI

Gildissvið og markaðssetning.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur sem ætlaðar eru til varanlegrar notkunar í byggingum og mannvirkjum og lyftur sem fara ákveðnar leiðir, jafnvel þótt ekki sé eftir föstum brautum. Hún gildir jafnframt á sama hátt um öryggisíhluti í slíkar lyftur, sbr. viðauka IV.

Í reglugerð þessari merkir *lyfta* búnað sem þjónar ákveðnum hæðum, með stól sem fer eftir föstum brautum er halla meira en 15 gráður frá lárétu plani og eiga að flytja:

- a. fólk,
- b. fólk og vörur,
- c. einungis vörur ef stóllinn er aðgengilegur, þ.e. einstaklingur getur auðveldlega farið inn í hann, og með stjórnstækjum innan í eða innan seilingar fyrir þann sem stendur inni.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

- a. togbrautir, að meðtöldum togbrautum á spori, til fólksflutninga á vegum hins opinbera eða einkaaðila,
- b. sérhannaðar og sérsmíðaðar lyftur fyrir her og lögreglu,
- c. vindubúnað í námum,
- d. sviðslyftur,
- e. lyftur sem komið er fyrir í flutningatækjum,
- f. lyftur tengdar vélum sem einungis er ætlað fyrir aðgengi að vinnustöðum,
- g. tannhjólbrautir,
- h. byggingarlyftur til fólksflutninga eða fólks- og vöruflutninga.

Sérreglur þær er gilda að hluta eða öllu leyti um hættur sem fylgja lyftum, sem um getur í þessari reglugerð, halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar. Enn fremur ganga nýjar sérreglur sem settar eru að hluta eða öllu leyti um hættur er fylgja lyftum, sem um getur í þessari reglugerð, framár ákvæðum þessarar reglugerðar.

2. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að samræma reglur aðildarríkjanna innan Evrópska efnahagssvæðisins um fólkslyftur og fólks- og vöru lyftur í því skyni að auka öryggi að því er varðar slíkar lyftur.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a. *Sá sem annast uppsetningu lyftu*: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og markaðssetningu lyftu, merkir hana með CE-merki og semur EB-yfirlýsingu um samræmi,
- b. *Markaðssetning lyftu*: Telst eiga sér stað þegar sá sem annast uppsetningu lyftu hefur hana í fyrsta skipti aðgengilega fyrir notanda,
- c. *Öryggisíhluti*: Íhluti skv. IV. viðauka,
- d. *Framleiðandi öryggisíhlutar*: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á hönnun og framleiðslu öryggisíhlutar, merkir hann með CE-merki og semur EB-yfirlýsingu um samræmi,
- e. *Sýnieintak lyftu*: Dæmigert eintak af lyftu og skulu tækniskjöl hennar sýna á hvern hátt grunnöryggiskröfum verður fullnægt í lyftum sem eru eins og sýnieintakið, skilgreint með hlutlægum viðmiðunum, og í eru notaðir nákvæmlega eins öryggisíhlutir. Enn fremur skal tilgreina í tækniskjali allan leyfilegan mismun, m.a. hámarks- og lágmarksgildi, milli sýnieintaks og þeirra lyftna sem sýnieintakið stendur fyrir. Í því skyni að fullnægja öryggiskröfum er heimilt að sýna fram á samsvörun við búnað með útreikningi og/eða hönnunaráætlun.

4. gr.

Markaðssetning og notkun.

Einungis er heimilt að setja á markað eða taka í notkun hérlendis lyftur og/eða öryggisíhluti sem fullnægja ákvæðum reglugerðar þessarar. Sama á við um þá öryggisíhluta sem framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hefur lýst yfir að skuli setja í lyftu sem fellur undir reglugerð þessa.

5. gr.

Undanþága vegna vörusýninga.

Heimilt er á kaupstefnum, vörusýningum, kynningum eða á sambærilegum vettvangi að sýna lyftu eða öryggisíhlut sem fellur undir reglugerð þessa en fullnægir ekki ákvæðum hennar, svo fremi að það sé tekið skýrt fram á áberandi skilti að lyftan eða öryggisíhluturinn fullnægi ekki ákvæðum þessarar reglugerðar og sé ekki til sölu fyrr en sá sem annast uppsetningu lyftunnar, framleiðandi öryggisíhlutar eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins hafi séð til þess að lyftan eða öryggisíhluturinn fullnægi ákvæðum þessarar reglugerðar. Gera skal nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að tryggja öryggi fólks þegar lyftan eða öryggisíhluturinn er kynntur.

II. KAFLI

Öryggisráðstafanir.

6. gr.

Öryggiskröfur.

Óheimilt er að markaðssetja og taka í notkun lyftur eða öryggisíhluti, sem falla undir reglugerð þessa, nema að tryggt sé að heilsu og öryggi manna, og þar sem við á, öryggi húsdýra og eigna stafi ekki hætta af þeim lyftum, eða lyftum sem öryggisíhlutirnir eru settir í, sem settar eru upp á réttan hátt, þeim haldið við sem skyldi og notkun þeirra er í ráðgerðum tilgangi.

Lyftur og öryggisíhlutir sem falla undir reglugerð þessa skulu fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi samkvæmt I. viðauka. Sama á við um lyftur sem öryggisíhlutarnir eru settir í.

7. gr.

Skyldur þeirra sem annast uppsetningu lyftu og byggingaverktaka.

Byggingaverktaki sem ber ábyrgð á vinnu við byggingu eða mannvirki og sá sem annast uppsetningu lyftu skulu veita hvor öðrum nauðsynlegar upplýsingar um eðlilega starfsemi lyftunnar og örugga notkun hennar. Enn fremur ber þeim að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að lyftan starfi eðlilega og að hún sé örugg. Þeir skulu einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í lyftustokkum séu ekki önnur rör, leiðslur eða útbúnaður en þörf er á vegna starfrækslu og öryggis lyftunnar.

8. gr.

Skyldur eigenda og rekstraraðila.

Eigandi eða rekstraraðili lyftu skal tryggja að fyllsta öryggis sé gætt við notkun lyftunnar og að hún sé einungis notuð þegar búnaður hennar er í lagi.

Enn fremur skal eigandi eða rekstraraðili sjá til þess að lyftan sé ekki notuð í öðrum tilgangi en framleiðandi hennar ráðgerði né heldur hlaðin meiri byrðum en henni er ætlað að lyfta. Þá er óheimilt að flytja fólk eða vörur utan þess rýmis sem ætlað er til flutninga nema það teljist nauðsynlegt við skoðanir, eftirlit eða viðgerðir á lyftum.

9. gr.

Merkingar á lyftum.

Merkingar á lyftum sem falla undir reglugerð þessa skulu vera í samræmi við 5. lið viðauka I við reglugerð þessa.

Enn fremur skal burðargeta lyftu merkt þannig að fólk sem ætlar með lyftunni geti greinilega séð merkinguna áður en farið er inn í hana.

10. gr.

Handbók og rekstrardagbók.

Sérhverri lyftu skal fylgja handbók og rekstrardagbók í samræmi við reglur þar að lútandi í viðauka I við reglugerð þessa.

11. gr.

Skilyrði og staðlar.

Eftirfarandi lyftur og öryggisíhlutir teljast fullnægja öllum ákvæðum þessara reglna, þar á meðal ákvæðum um samræmismat skv. IV. kafla:

- a. vél sem einkennd er með CE-merki, sbr. 18. gr., og henni fylgir EB-yfirlýsing um samræmi, sbr. II. viðauka,
- b. öryggisíhlutur sem einkenndur er með CE-merki, sbr. 18. gr., og honum fylgir EB-yfirlýsing um samræmi, sbr. II. viðauka.

Séu samræmdir staðlar ekki til ber Vinnueftirliti ríkisins að vekja athygli hlutadeigandi aðila á þeim landsstöðlum og tækniforskriftum sem í gildi eru og teljast mikilvæg eða viðeigandi til að rétt sé staðið að því að fullnægja grunnkröfum I. viðauka um heilsuvernd og öryggi.

Þegar ákvæði samræmds staðals eru tekin upp í landsstaðal, og vísun til hans birt í Stjórnartíðindum EB og slíkur staðall fjallar um eina eða fleiri af grunnkröfum um öryggi, skal ganga út frá því að lyfta eða öryggisíhlutur sem smíðuð eru í samræmi við þann staðal uppfylli viðeigandi grunnkröfur.

12. gr.

Breytingar á lyftum.

Þegar meiri háttar breyting er gerð á lyftu skal tilkynna það Vinnueftirliti ríkisins áður en framkvæmdir hefjast. Vinnueftirlit ríkisins skal meta í samræmi við ákvæði sérreglna og gildandi staðla hvort breytingarnar séu svo miklar að um sé að ræða uppsetningu á nýrri lyftu.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins metur að fara skuli með lyftuna sem nýja lyftu gilda ákvæði reglugerðar þessarar. Að öðrum kosti gilda áfram þær reglur sem giltu um lyftuna fyrir breytingarnar.

Þegar öryggisíhlutir er falla undir reglugerð þessa eru settir í lyftu skal hún fullnægja grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi skv. I. viðauka, sbr. 2. mgr. 6. gr.

III. KAFLI

Lyftuhús.

13. gr.

Aðgangur að lyftuhúsi.

Óheimilt er að nota aðgang að vélarrúmi, tækjabúnaði, strengjahjólum og lyftugöngum sem aðgang að öðru rými sem er lyftunni óviðkomandi. Í það rými sem ætlað er lyftunni og búnaði hennar er óheimilt að setja annan búnað en þann sem tilheyrir henni. Enn fremur er óheimilt að nota það rými sem geymslu fyrir annað en það sem telst tilheyrja lyftunni.

14. gr.

Merkingar á lyftuhúsi.

Við inngang í lyftuhús skal vera skilti þar sem stendur: *Vélarúm lyftu. Óviðkomandi stranglega bannaður aðgangur.*

Skiltið skal vera með greinilegri og varanlegri áletrun.

IV. KAFLI

Reglur um samræmismat.

15. gr.

Samræmismat vegna öryggisíhluta.

Þegar um er að ræða öryggisíhlut sem talinn er upp í IV. viðauka ber framleiðanda hans eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins, áður en hann er settur á markað, að:

- leggja fram sýnieintak af öryggisíhlutanum fyrir EB-gerðarprófun skv. V. viðauka og framleiðsluprófanir skv. XI. viðauka hjá tilkynntum aðila, sbr. 17. gr.,
- leggja fram sýnieintak af öryggisíhlutanum fyrir EB-gerðarprófun skv. V. viðauka og nota gæðastjórnunarkerfi skv. VIII. viðauka til að prófa framleiðsluvöru, eða
- nota heildstætt gæðastjórnunarkerfi skv. IX. viðauka.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal einkenna hvern öryggisíhlut með CE-merki, sbr. 18. gr., og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi með upplýsingum skv. II. viðauka auk þess að taka tillit til forskrifta VIII., IX., eða XI. viðauka eftir því sem við á.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal varðveita afrit af EB-yfirlýsingu um samræmi í 10 ár frá þeim degi er framleiðslu öryggisíhlutarins er hætt.

Ef öryggisíhlutur fellur undir ákvæði annarra reglna sem enn fremur kveða á um að einkenna skuli öryggisíhlut með CE-merki, sbr. 18. gr., gefur þetta merki til kynna að viðkomandi öryggisíhlutur teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þeirra reglna. Heimili ein eða fleiri þessara reglna framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma skal CE-merkið einungis gefa til kynna að samræmi sé við þær reglur sem framleiðandi fer eftir. Í slíku tilviki skulu tilvísanir í þær reglur sem farið er eftir koma fram í þeim skjölum, tilkynningum eða fyrirætlum sem krafist er í þeim reglum og fylgja slíkum öryggisíhlutum.

Þegar hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins fullnægja ákvæðum 1.–4. mgr. skal sá sem setur öryggisíhlutinn á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins fullnægja þeim skyldum sem þar er kveðið á um. Ákvæðin gilda enn fremur um alla þá sem framleiða öryggisíhluti til eigin nota.

16. gr.

Samræmismat vegna lyftna.

Þegar um er að ræða lyftu sem hefur verið hönnuð í samræmi við lyftu sem er EB-gerðarprófuð skv. V. viðauka skal hún smíðuð, sett upp og prófuð áður en hún er sett á markað með því að:

- láta fara fram lokaskoðun skv. VI. viðauka,
- nota gæðastjórnunarkerfi skv. XII. viðauka, eða
- nota gæðastjórnunarkerfi skv. XIV. viðauka.

Þegar um er að ræða lyftu skv. 1. mgr. er heimilt að nota sömu lyftuna að því er varðar annars vegar aðferðir við hönnun og smíði og hins vegar uppsetningu og prófun.

Þegar um er að ræða lyftu sem hefur verið hönnuð í samræmi við sýnieintak lyftu sem er EB-gerðarprófað skv. V. viðauka skal hún smíðuð, sett upp og prófuð áður en hún er sett á markað með því að:

- a. láta fara fram lokaskoðun skv. VI. viðauka,
- b. nota gæðastjórnunarkerfi skv. XII. viðauka, eða
- c. nota gæðastjórnunarkerfi skv. XIV. viðauka.

Þegar um er að ræða lyftu sem hefur verið hönnuð í samræmi við lyftu sem gæðastjórnunarkerfi skv. XIII. viðauka var komið upp fyrir, þar á meðal könnun fyrir hönnun hafi síðarnefnda lyftan ekki verið í fullu samræmi við samhæfða staðla, skal sú fyrrnefnda smíðuð, sett upp og prófuð áður en hún er sett á markað með því að:

- a. láta fara fram lokaskoðun skv. VI. viðauka, eða
- b. nota gæðastjórnunarkerfi skv. XII. viðauka, eða
- c. nota gæðastjórnunarkerfi skv. XIV. viðauka.

Þegar ekki er um að ræða lyftur sem taldar eru upp í 1.–4. mgr. skal lyfta, áður en hún er sett á markað, annaðhvort:

- a. einingarsannprófuð skv. X. viðauka hjá tilkynntum aðila, sbr. 17. gr., eða
- b. metin í samræmi við gæðastjórnunarkerfi skv. XIII. viðauka, þar á meðal könnun fyrir hönnun hafi lyftan ekki verið í fullu samræmi við samhæfða staðla.

Þegar um er að ræða lyftur skv. 1.–4. mgr. skal sá sem ber ábyrgð á hönnun lyftu útvega þeim sem ber ábyrgð á smíði, uppsetningu og prófun öll nauðsynleg skjöl og upplýsingar til að hinn síðarnefndi geti gegnt hlutverki sínu af fullkomnu öryggi.

Sá sem annast uppsetningu lyftu skal einkenna lyftu skv. 1.–5. mgr. með CE-merki, sbr. 18. gr., og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi með upplýsingum skv. II. viðauka auk þess að taka tillit til forskrifta VI., X., XII., XIII. eða XIV. viðauka eftir því sem við á.

Sá sem annast uppsetningu lyftu skal varðveita afrit af EB-yfirlýsingu um samræmi í 10 ár frá þeim degi er lyftan var markaðssett. Hann skal afhenda Eftirlitsstofnun EFTA, Vinnueftirliti ríkisins og tilkynntum aðilum afritin auk skýrslna um prófanir lokaskoðunar sé þess óskað.

Ef lyfta fellur undir ákvæði annarra reglna sem enn fremur kveða á um að einkenna skuli lyftur með CE-merki, sbr. 18. gr., gefur þetta merki til kynna að viðkomandi lyfta teljist einnig vera í samræmi við ákvæði þeirra reglna. Heimili ein eða fleiri þessara reglna framleiðanda að velja hvaða fyrirkomulag hann notar á aðlögunartíma skal CE-merkið einungis gefa til kynna að samræmi sé við þær reglur sem framleiðandi fer eftir. Í slíku tilviki skulu tilvísanir í þær reglur sem farið er eftir koma fram í þeim skjölum, tilkynningum eða fyrir-mælum sem krafist er í þeim reglum og fylgja slíkum lyftum.

Þegar sá sem annast uppsetningu lyftunnar fullnægir ekki ákvæðum 1.–9. mgr. skal sá sem setur lyftuna á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins fullnægja þeim skyldum sem þar er kveðið á um. Ákvæðin gilda enn fremur um alla þá sem framleiða lyftur til eigin nota.

17. gr.

Tilkynntir aðilar.

Löggildingarstofa annast mat á þeim aðilum sem óska eftir að sjá um samræmismat samkvæmt reglugerð þessari. Þeir aðilar skulu uppfylla þau skilyrði sem eru sett fram í VII. viðauka. Aðilar sem uppfylla matsskilyrðin sem kveðið er á um í viðkomandi samræmdum stöðlum teljast enn fremur uppfylla skilyrðin í VII. viðauka.

Félagsmálaráðuneytið tilkynnir þá aðila sem Löggildingarstofa hefur viðurkennt skv. 1. mgr. til Eftirlitsstofnunar EFTA og annarra aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Uppfylli aðili ekki lengur skilyrði þau sem eru sett fram í VII. viðauka afturkallar Lög-gildingarstofa viðurkenningu hans skv. 1. mgr. Félagsmálaráðuneytinu ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins um það án tafar.

18. gr.

CE-merki.

Á CE-samræmismerkinu skulu vera hástafirnir „CE“. Útlit og löggun merkisins skal vera með þeim hætti sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

Hver lyftustóll skal einkenndur með CE-merkinu á þann hátt að greinilegt og læsilegt sé. Enn fremur skal hver öryggisíhlutur, sbr. IV. viðauka, vera á sama hátt einkenndur með CE-merki. Þegar ekki er unnt að einkenna öryggisíhlutinn sjálfan með CE-merki skal honum fylgja skilti sem einkennt er með CE-merkinu.

Óheimilt er að einkenna lyftu eða öryggisíhlut með merki sem er til þess fallið að villa um fyrir þriðja aðila að því er varðar þýðingu, útlit og löggun CE-merkisins. Setja má hvers konar aðrar merkingar á lyftu eða öryggisíhlut að því tilskildu að þær hindri ekki að CE-merkið sjáist vel og sé vel læsilegt.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

19. gr.

Eftirlit Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með þeim lyftum sem falla undir reglugerð þessa, sbr. sérreglur um eftirlit. Félagsmálaráðherra getur þó ákveðið að eftirlitsverkefnið verði falið annarri opinberri stofnun eða faggiltum skoðunarstofum, sbr. 82. gr. laga nr. 46/1980, með síðari breytingum.

20. gr.

Tilkynning um slys.

Eigandi eða rekstraraðili lyftu skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins án ástæðulauss dráttar um öll slys eða óhöpp sem kunna að verða vegna notkunar hennar.

21. gr.

Refsiákvæði.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða ákvæði 99. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980.

22. gr.

Kæruheimild.

Um kæruheimildir á grundvelli þessarar reglugerðar fer skv. 98. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.

VI. KAFLI

Gildistaka.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 3. gr. og 34., 35., 38. og 47. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, að fengnum tillögum stjórnar Vinnueftirlits ríkisins og að höfðu samráði við iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hvað

varðar þátt Löggildingarstofu, sbr. lög nr. 155/1996 og 11. gr. laga nr. 100/1992, til innleiðingar á tilskipun nr. 95/16/EB, um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi lyftur, sem vísað er til í 5. lið III. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 29/1997.

24. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 570/2000, um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 238/2001, um breytingar á reglugerð nr. 570/2000, um fólkslyftur og fólks- og vörulyftur.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um þær lyftur sem þegar hafa verið teknar í notkun gilda reglugerðir sem í gildi voru er þær voru teknar í notkun nema að annað leiði af ákvæðum reglugerðar þessarar.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. maí 2003.

Páll Pétursson.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

I. VIÐAUKI

Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi í tengslum við hönnun og smíði lyftna og öryggishluta.

Almennar athugasemdir.

1. Þær skyldur sem mælt er fyrir um í grunnkröfum um heilsuvernd og öryggi skulu einungis gilda er hættuástand skapast þegar lyftan eða öryggisíhlutinn eru notuð með þeim hætti sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar eða framleiðandi öryggisíhlutarins gerir ráð fyrir.
2. Grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi sem gerðar eru í reglugerð þessari eru ófrávíkjanlegar. Að teknu tilliti til núverandi tæknunnáttu kann þó að vera að ekki sé unnt að ná markmiðum þeirra. Þegar þannig stendur á skal leitast við eins og framast er unnt að hanna og smíða lyftur eða öryggisíhluta þannig að þau komist sem næst þessum markmiðum.
3. Framleiðandi öryggisíhluta og þeir sem annast uppsetningu lyftu skulu meta áhættuna í því skyni að greina þá hættu sem tengist framleiðsluvörum þeirra; þeir skulu síðan sjá til þess að hönnun og smíði þeirra taki mið af slíku mati.
4. Þær grunnkröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 431/1994, um viðskipti með byggingavörur og ekki er að finna í reglugerð þessari, skulu gilda um lyftur.

1. Almenn.

1.1. Framkvæmd reglna nr. 761/2001, um vélar og tæknilegan búnað.

Þegar hlutadeigandi áhætta er fyrir hendi og ekki er fjallað um hana í þessum viðauka gilda grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi í I. viðauka reglna um vélar og tæknilegan búnað. Grunnkrafan í lið 1.1.2. í I. viðauka reglna um vélar og tæknilegan búnað skulu gilda í öllum tilvikum.

1.2. Lyftustóll.

Lyftustólinn skal hanna og smíða þannig að rými og styrkur séu nægileg fyrir þann hámarksfjölda einstaklinga og þá skráðu burðargetu sem sá sem annast uppsetningu ákveður.

Lyftustólinn í fólkslyftum skal hanna og smíða, ef stærð leyfir, þannig að hann útiloki ekki eða hindri aðgengi fólks með fötlun og að honum megi breyta eftir þörfum til að auðvelda aðgengi þess.

1.3. Upphengjur og stoðir.

Upphengjur og/eða stoðir lyftustólsins, festingar hans og tengihlutir þeirra skal velja og hanna svo að fullnægjandi heildaröryggi sé tryggt og lágmarka líkurnar á því að lyftustóllinn falli, að teknu tilliti til notkunarskilyrða, þess efnis sem notað er og skilyrða framleiðslunnar.

Þar sem notaðir eru strengir eða keðjur til að hengja lyftustólinn upp skulu vera að minnsta kosti tveir aðskildir strengir eða keðjur, hvor á sinni festingu. Strengirnir og keðjurnar skulu ekki vera samsett eða skeytt saman nema festing eða gerð lykkju krefjist þess.

1.4. Hleðslutakmörk (þar með talin hraðastilling).

1.4.1. Lyftur skal hanna, smíða og setja upp þannig að þær fari ekki í gang með venjulegum hætti ef þær eru hlaðnar umfram skráða burðargetu.

1.4.2. Lyftur skulu búnað hraðastilli.

Þessar kröfur eiga ekki við um lyftur með drifkerfi sem kemur í veg fyrir of mikinn hraða.

1.4.3. Hraðlyftur skulu hafa búnað sem gerir kleift að fylgjast með og takmarka hraða.

1.4.4. Lyftur knúnar núningsstrissum skal hanna þannig að stöðugleiki dráttarstrengjanna á trissunni sé tryggður.

1.5. Vélbúnaður.

1.5.1. Sérhver fólkslyfta skal hafa eigin lyftibúnað. Þetta skilyrði á ekki við um lyftur þar sem annar stóll er til mótvægis.

1.5.2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal tryggja að ekki sé unnt að komast að vélbúnaði hennar og tengdum búnaði nema til viðhalds og í neyðartilvikum.

1.6. Stjórnþæki.

1.6.1. Stjórnþæki lyftu sem ætluð eru fólki með fötlun sem er eitt á ferð skal hanna og staðsetja í samræmi við það.

1.6.2. Koma skal skýrt fram hvert hlutverk stjórnþækja er.

1.6.3. Heimilt er að nota sameiginlegt kallkerfi fyrir lyftuhóp eða tengja kallkerfi þeirra saman.

1.6.4. Setja skal upp rafbúnað og tengja þannig að:

- útilokað sé að ruglast á honum og rásum sem ekki tengjast lyftunni beint,
- unnt sé að tengja/rjúfa aflgjafa þegar lyftan er hlaðin,
- hreyfingar lyftunnar velti á rafrænum öryggisbúnaði í sérstakri öryggisrafrás,
- bilun í rafkerfi skapi ekki hættu.

2. Hætta sem fólk er í utan lyftustóls.

2.1. Hanna skal lyftu og smíða þannig að rýmið sem stóllinn fer um sé óaðgengilegt nema til viðhalds eða í neyðartilvikum. Áður en farið er inn í rýmið, skal koma í veg fyrir að unnt sé að nota lyftuna á eðlilegan hátt.

- 2.2. Hanna skal lyftu og smíða þannig að engin hætta sé á að viðkomandi klemmist þegar stóllinn er á ystu mörkum.
Þetta er unnt með því að hafa autt rými eða afdrep utan ystu marka.
Engu að síður, í sérstökum tilvikum þar sem ekki er unnt að koma þessari lausn við, sérstaklega í byggingum sem þegar hafa verið reistar, er heimilt að grípa til annarra viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að hætta skapist. Skal þá liggja fyrir samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
- 2.3. Á stigapöllum þar sem gengið er inn og út úr lyftustól skulu vera palldyr með nægjanlegu kraftrænu viðnámi fyrir fyrirhugaða notkun.
Lokunarbúnaður skal við eðlilega notkun koma í veg fyrir:
- að lyftustóll færist úr stað, hvort heldur sem er af ásetningi eða fyrir slysi, að því undanskildu að allar palldyr séu lokaðar og læstar,
 - að palldyr opnast meðan lyftustóll er á ferð og ekki við stigapall.
- Þó er tilfærsla fyrir opnum palldyrum leyfileg á tilgreindum svæðum með því skilyrði að hraða sé stjórnað.

3. Hættur sem fólk er í inni í lyftustól.

- 3.1. Lyftustóll skal vera algerlega lokaður með veggjum í fullri hæð, þar með talið með gólfi og lofti, að undanskildu loftræstiopi, og með dyrum í fullri hæð. Dyrnar skulu hannaðar þannig og uppsettar að lyftustóllinn geti ekki færst úr stað nema að dyrnar séu lokaðar og stöðvist þegar dyrnar opnast að tilfærslu undanskilinni, sbr. 3. mgr. liðar 2.3. Stóldyr skulu haldast lokaðar og læstar ef lyftan stöðvast milli hæða þar sem hætta er á falli milli stóls og lyftustokks eða þar sem enginn lyftustokkur er.
- 3.2. Fari rafmagn af eða íhlutar bíla skal lyftan hafa búnað sem kemur í veg fyrir frjálst fall eða stjórnlausu hreyfingu lyftustóls upp á við.
Búnaður sem kemur í veg fyrir frjálst fall lyftustóls skal ekki vera í neinum tengslum við upphengibúnað hans.
Fyrirnefndur búnaður verður að geta stöðvað lyftustól með skráða hámarksþyngd og á þeim hámarkshraða sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar gerir ráð fyrir. Búnaðurinn má ekki hægja svo skyndilega á ferðinni að farþegar bíði skaða af, sama hver byrðin er.
- 3.3. Koma skal höggdeyfi fyrir milli botns lyftustokksins og stólgólfsins.
Í því tilviki skal mæla auða rýmið, sbr. lið 2.2, með höggdeyfinn í samþjappaðri stöðu.
Þetta skilyrði gildir ekki um lyftur með stól sem kemst ekki inn í auða rýmið, sbr. lið 2.2, sakir þess með hvaða hætti drifkerfi lyftunnar er hannað.
- 3.4. Hanna skal lyftur og smíða þannig að ekki sé unnt að koma þeim á hreyfingu nema búnaður samkvæmt lið 3.2 sé í virkri stöðu.

4. Önnur hætta.

- 4.1. Séu palldyr og stóldyr eða báðar þessar dyr vélbúnaðar skulu þær hafa búnað sem kemur í veg fyrir að fólki sé hætt við að klemmast þegar þær hreyfast.
- 4.2. Palldyr sem eiga að vera hluti af brunavörnum hússins, einnig þær sem eru að hluta til úr gleri, skulu nægilega eldþolnar, það er heilar og hafa einangrunareiginleika (eldur breiðist ekki út) og varna hitaútbreiðslu (hitageislun).
- 4.3. Mótvægi skal þannig fyrir komið að útilokað sé að það rekist í lyftustólinn eða falli á hann.
- 4.4. Lyftur skulu hafa búnað sem gerir kleift að hjálpa fólki sem er fast í lyftustólnum til að komast út.

- 4.5. Í lyftustólum skal vera kerfi sem gerir gagnkvæm samskipti möguleg og kleift að halda viðvarandi sambandi við björgunarþjónustu.
- 4.6. Lyftur skal hanna þannig og smíða að þær geti lokið ferð en taki ekki við nýjum skipunum fari hitinn í lyftuvél yfir það hámark sem sá er annast uppsetningu lyftunnar gerir ráð fyrir.
- 4.7. Lyftustóla skal hanna þannig og smíða að nægileg loftræsting sé fyrir farþega, jafnvel þó lyfta stöðvist um lengri tíma.
- 4.8. Nægileg lýsing skal vera í lyftustól þegar hann er í notkun eða dyr eru opnaðar; í honum skal einnig vera neyðarlýsing.
- 4.9. Samskiptakerfi, sbr. lið 4.5, og neyðarlýsing, sbr. lið 4.8, skulu þannig hönnuð og smíðuð að þau virki þó venjulegur straumur rofni. Þau skulu starfhæf þann tíma sem eðlilegt má telja að björgunaraðilar þurfi til að ljúka starfi sínu.
- 4.10. Straumrásir stjórnkerfis lyftna sem heimilt er að nota í bruna skulu þannig hannaðar og smíðaðar að unnt sé að koma í veg fyrir að lyfturnar stöðvist á ákveðnum hæðum og að björgunaraðilar geti yfirtekið stjórn lyftunnar.

5. Merkingar.

- 5.1. Til viðbótar lágmarksupplýsingum sem er krafist um vélar samkvæmt lið 1.7.3 í I. viðauka við reglur nr. 761/2001, um vélar og tæknilegan búnað skal í hverjum lyftustól vera áberandi skilti þar sem skráð hámarksþyngd er greinilega tilgreind í kílógrömmum og hámarksfjöldi farþega.
- 5.2. Ef lyftan er hönnuð á þann hátt að farþegar sem fastir eru í henni eigi að geta komist hjálparlaust úr lyftustólnum skulu leiðbeiningar þar að lútandi vera skýrar og greinilegar í stólnum.

6. Notkunarleiðbeiningar.

- 6.1. Öryggisíhlutum, sbr. IV. viðauka, skal fylgja handbók með leiðbeiningum á íslensku eða öðru opinberu tungumáli aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins sem sá er annast uppsetningu lyftunnar samþykkir, þannig að unnt sé að koma:
 - samsetningu,
 - tengingu,
 - stillingu, og
 - viðhaldií verk með skilvirkum hætti og án þess að af því hljótist hættu.
- 6.2. Hverri lyftu skal fylgja skjal á íslensku eða öðru opinberu tungumáli (-málum) aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins sem Vinnueftirlit ríkisins samþykkir. Skjalið skal í það minnsta innihalda:
 - handbók með leiðbeiningum um skipulag og teikningar sem eru nauðsynlegar vegna eðlilegrar notkunar og tengjast viðhaldi, eftirliti, viðgerðum, reglubundinni skoðun og björgunaraðgerðum skv. lið 4.4,
 - rekstrardagbók þar sem unnt er að skrá viðgerðir og, eftir atvikum, reglubundna skoðun.

II. VIÐAUKI

A. Efni EB-yfirlýsing um samræmi vegna öryggisíhluta⁽¹⁾

Eftirfarandi skal koma fram í EB-yfirlýsingu um samræmi:

- nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhlutanna⁽²⁾,
- þar sem við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins⁽²⁾,
- lýsing á öryggisíhlutanum, nákvæmar upplýsingar um gerð eða röð og raðnúmer (ef það er til),
- öryggiseiginleikar öryggisíhlutans, ef þeir eru ekki augljósir af lýsingunni,
- framleiðsluár öryggisíhlutans,
- öll þau ákvæði sem öryggisíhlutinn uppfyllir,
- þar sem við á, vísun í samræmda staðla sem eru notaðir,
- þar sem við á, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um EB-gerðarprófunina skv. a- og b-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar þessarar,
- þar sem við á, vísun í vottorð um EB-gerðarprófun sem tilkynnti aðilinn gaf út,
- þar sem við á, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um prófun á framleiðslu skv. b-lið 1. mgr. 15. gr.,
- þar sem við á, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem skoðaði gæðastjórnunarkerfið sem framleiðandi notar skv. c-lið 1. mgr. 15. gr.,
- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að koma fram fyrir hönd framleiðanda öryggisíhluta eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins.

B. Efni EB-yfirlýsingar um samræmi vegna uppsettra lyftna⁽³⁾

Eftirfarandi skal koma fram í EB-yfirlýsingu um samræmi:

- nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar⁽⁴⁾,
- lýsing á lyftunni, nákvæmar upplýsingar um gerð eða röð, raðnúmer og heimilisfangið þar sem lyftan var sett upp,
- árið sem lyftan var sett upp,
- öll viðeigandi ákvæði sem lyftan uppfyllir,
- þar sem við á, vísun í samræmda staðla sem eru notaðir,
- þar sem við á, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um EB-gerðarprófun á sýnieintaki lyftunnar í samræmi við 1.-3. mgr. 16. gr. reglugerðar þessarar,
- þar sem við á, vísun í vottorð um EB-gerðarprófun,
- þar sem við á, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um sannprófun á lyftunni skv. a-lið 5. mgr. 16. gr. reglugerðar þessarar,
- þar sem við á, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem sá um loka-skoðun á lyftunni skv. a-lið 1., 3. og 4. mgr. 16. gr. reglugerðar þessarar,
- þar sem við á, nafn, heimilisfang og kenninúmer tilkynnta aðilans sem skoðaði gæðastjórnunarkerfið sem sá er annast uppsetningu notar skv. b- og c-lið 1., 3. og 4. mgr. og b-lið 5. mgr. 16. gr. reglugerðar þessarar,

⁽¹⁾ Yfirlýsingin skal vera á sama tungumáli og handbókin með leiðbeiningunum skv. lið 6.1 í I. viðauka, annaðhvort vélrituð eða prentuð.

⁽²⁾ Firmanafn, fullt heimilisfang; ef um er að ræða viðurkenndan fulltrúa ber einnig að tilgreina firmanafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhlutanna.


⁽³⁾ Þessi yfirlýsing skal vera á sama tungumáli og handbókin með leiðbeiningunum skv. lið 6.2 í I. viðauka, annaðhvort vélrituð eða prentuð.

⁽⁴⁾ Firmanafn og fullt heimilisfang.

- auðkenni undirritunaraðila sem hefur umboð til að koma fram fyrir hönd þess sem annast uppsetningu lyftunnar.

III. VIÐAUKI CE-samræmismerki.

CE-samræmismerkið skal einkennt með hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



Ef CE-merkið er minnkað eða stækkað skulu hlutföllin á teikningunni hér að framan haldast óbreytt. Einstakir hlutar CE-merkisins skulu, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa sömu lóðréttu mál og mega ekki vera lægri en 5 mm.

Heimilt er að falla frá skilyrðum um lágmarksmál ef um litla öryggisíhluta er að ræða. Á eftir CE-merkinu skal koma kenninúmer tilkynnta aðilans sem sér um

- málsmeðferð skv. b-c lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar þessarar,
- málsmeðferð skv. 16. gr. reglugerðar þessara.

IV. VIÐAUKI Skrá yfir öryggisíhluta, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 15. gr.

1. Búnaður til að læsa palldyrum.
2. Búnaður til að koma í veg fyrir fall, sbr. lið 3.2 í I. viðauka, í því skyni að koma í veg fyrir að lyftustóll falli eða hreyfist stjórnlaust upp á við.
3. Hraðatakörkunarbúnaður.
4. a) Orkusafnandi höggdeyfar:
 - annaðhvort ólínulegir,
 - eða með deyfðu endurkasti.b) Orkudreifandi höggdeyfar.
5. Öryggisbúnaður á tjökkum í vökvakerfum ef þeir eru notaðir til að koma í veg fyrir fall.
6. Rafmagnsöryggisbúnaður notaður sem öryggisrofar með rafeindaíhlutum.

V. VIÐAUKI EB-gerðarprófun (aðferðareining B).

A. EB-gerðarprófun á öryggisíhlutum.

1. EB-gerðarprófun á öryggisíhlutum er aðferð þar sem tilkynntur aðili staðfestir og vottar að dæmigert eintak af öryggisíhluta geri það að verkum að lyfta sem hann er settur á réttan hátt í, fullnægi viðeigandi skilyrðum reglugerðar þessarar.
2. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal sækja um EB-gerðarprófun til tilkynnts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi skal koma fram í umsókninni:

- nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhluta og viðurkennds fulltrúa hans, ef sá síðarnefndi sækir um, og framleiðslustaður öryggisíhlutanna,
- skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkynntum aðila,
- tækniskjöl,
- dæmigert eintak af öryggisíhlutanum eða nákvæmar upplýsingar um hvar unnt er að skoða hann. Tilkynntum aðila er heimilt að leggja fram rökstudda beiðni um að fá fleiri eintök.

3. Tækniskjalið skal vera unnt að nýta við samræmismatið og mati á hvort öryggisíhluturinn leiði til þess að lyfta sem hann er settur á réttan hátt í fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar.

Eftirfarandi skal koma fram í tækniskjalinu að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna samræmismats:

- almenn lýsing á öryggisíhlutanum, þar á meðal hvar hann er notaður (einkum hugsanlegar takmarkanir með hliðsjón af hraða, hleðslu og afli) og skilyrðum (einkum umhverfi þar sem sprengihætta er og opið fyrir veðri og vindum),
- teikningar eða skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
- grunnkrafa (-kröfur) sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja henni (þeim) (t.d. samræmdur staðall),
- niðurstöður prófana eða útreikninga sem framleiðandi sér um eða ræður annan til að sjá um,
- afrit af leiðbeiningum um samsetningu öryggisíhluta,
- ráðstafanir sem eru gerðar á framleiðslustigi til að tryggja að fjöldaframleiddir öryggisíhlutar samræmist þeim öryggisíhluta sem var prófaður.

4. Tilkynnti aðilinn skal:

- rannsaka tækniskjalið til að meta að hve miklu leyti markmiðum sem stefnt er að er fullnægt,
- prófa öryggisíhluta til að kanna hvort hann sé í samræmi við tækniskjalið,
- gera eða láta fara fram viðeigandi athuganir og prófanir sem eru nauðsynlegar til að kanna hvort þær lausnir sem framleiðandi öryggisíhluta hefur notað séu í samræmi við skilyrði reglugerðar þessarar og leiði til þess að öryggisíhlutinn gegni hlutverki sínu þegar honum er komið fyrir með réttum hætti.

5. Uppfylli dæmigert eintak af öryggisíhlutanum viðeigandi ákvæði reglugerðar þessarar skal tilkynnti aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun handa umsækjanda. Í vottorðið skal skrá nafn og heimilisfang framleiðanda öryggisíhlutans, niðurstöður athugunar, öll skilyrði fyrir gildi vottorðsins og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á viðurkenndu gerðina.

Eftirlitsstofnun EFTA, aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og öðrum tilkynntum aðilum er heimilt að fá afrit af vottorðinu og, eftir að hafa lagt fram rökstudda beiðni, afrit af tækniskjölunum og skýrslum um prófanir, útreikninga og athuganir sem gerð hafa verið. Synji tilkynnti aðilinn um útgáfu vottorðs um EB-gerðarprófun fyrir framleiðandann skal hann færa ítarleg rök fyrir synjuninni. Heimilt er að kæra synjun tilkynnta aðilans til Vinnueftirlits ríkisins. Að öðu leyti gildir ákvæði 22. gr. reglugerðar þessarar.

6. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal upplýsa tilkynnta aðilann um allar breytingar, jafnvel þær smávægilegu, sem hann hefur látið gera eða hyggst gera á viðurkenndum öryggisíhluta, að meðtöldum nýjum viðbótum og afbrigðum sem eru ekki tilgreind í upprunalega tækni-

skjalinu (sjá fyrsta undirlið í 3. lið). Tilkynti aðilinn skal skoða breytingarnar og tilkynna umsækjanda um hvort EB-gerðarprófunin gildi áfram⁽¹⁾.

7. Sérhver tilkyntur aðili skal senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um:
 - þau vottorð um EB-gerðarviðurkenningu sem hafa verið gefin út,
 - þau vottorð um EB-gerðarviðurkenningu sem hafa verið afturkölluð.
 Sérhver tilkyntur aðili skal einnig senda öðrum tilkyntum aðilum viðeigandi upplýsingar um vottorðin um EB-gerðarprófun sem hann hefur afturkallað.
8. Vottorð um EB-gerðarprófun og skjöl og bréfaskeiði er varða málsmeðferð við EB-gerðarprófun skulu höfð á opinberu tungumáli aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilkynti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
9. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans skal varðveita með tækniskjöllum afrit af vottorðum um EB-gerðarprófun og viðbótum við þau í 10 ár frá þeim degi að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt.

Ef hvorki framleiðandi öryggisíhluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal sá er markaðssetur öryggisíhlutann innan Evrópska efnahagssvæðisins varðveita tækniskjölin.

B. EB-gerðarprófun á lyftum.

1. EB-gerðarprófun á lyftum er aðferð þar sem tilkyntur aðili staðfestir og vottar gerð lyftu eða að lyftur þar sem ekki er gert ráð fyrir viðbót eða afbrigðum fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal sækja um EB-gerðarprófun til tilkynts aðila að eigin vali.

Eftirfarandi skal koma fram í umsókninni:

 - nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar,
 - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkyntum aðila,
 - tækniskjöl,
 - upplýsingar um staðinn þar sem setja á lyftuna upp. Sýnieintaki lyftunnar sem lagt er fram til prófunar skal fylgja tengibúnaður og henni skal ætlað að komast milli þriggja hæða (efstu, mið og neðstu hæðar).
3. Tækniskjalið skal vera unnt að nýta við mat á hvort lyftan sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar og til að skilja hvernig hún er smíðuð og starfar.

Eftirfarandi skal koma fram í tækniskjalinu að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna samræmismats:

 - almenn lýsing á dæmigerðu eintaki lyftu. Í tækniskjalinu skal gefa greinargóða lýsingu á hugsanlegum viðbótum við hið dæmigerða eintak lyftunnar sem verið er að prófa (sjá 3. gr.),
 - teikningar eða skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
 - grunnkröfur sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja þeim (t.d. samræmdur staðall),
 - eintak af EB-yfirlýsingum um samræmi fyrir öryggisíhluta sem eru notaðir við framleiðslu lyftunnar,
 - niðurstöður prófana eða útreikninga sem framleiðandi sér um eða ræður annan til að sjá um,
 - afrit af leiðbeiningum um notkun lyftunnar,

⁽¹⁾ Tilkyntum aðila er heimilt að gefa út viðbót við vottorð um EB-gerðarprófun eða fara fram á að ný umsókn sé lögð fram telji hann það nauðsynlegt.

- ráðstafanir sem eru gerðar við uppsetningu til að tryggja að fjöldaframleiddar lyftur uppfylli ákvæði reglugerðar þessarar.
4. Tilkyntni aðilinn skal:
- rannsaka tækniskjalið til að meta að hve miklu leyti þeim markmiðum sem stefnt er að er fullnægt,
 - prófa dæmigert eintak af lyftunni til að kanna hvort hún sé framleidd í samræmi við tækniskjalið,
 - gera eða láta fara fram viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir til að kanna hvort þær lausnir sem sá sem annast uppsetningu lyftunnar hefur notað séu í samræmi við skilyrði reglugerðar þessarar og leiði til þess að lyftan sé í samræmi við þau.
5. Uppfylli sýnieintak lyftunnar viðeigandi ákvæði reglugerðar þessarar skal tilkyntni aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun handa umsækjanda. Í vottorðið skal skrá nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar, niðurstöður athugunar, öll skilyrði fyrir gildi vottorðsins og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á viðurkenndu gerðina.
- Eftirlitsstofnun EFTA, aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og öðrum tilkynntum aðilum er heimilt að fá afrit af vottorðinu og, eftir að hafa lagt fram rökstudda beiðni, afrit af tækniskýrslunni og skýrslum um prófanir, útreikninga og athuganir sem gerð hafa verið.
- Synji tilkyntni aðilinn um útgáfu vottorðs um EB-gerðarprófun fyrir framleiðandann skal hann færa ítarleg rök fyrir synjuninni. Heimilt er að kæra synjun tilkyntna aðilans til Vinnueftirlits ríkisins. Að öðru leyti gildir 22. gr. reglugerðar þessarar.
6. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal upplýsa tilkyntna aðilann um allar breytingar, jafnvel þær smávægilegu, sem hann hefur látið gera eða hyggst gera á viðurkenndri lyftu, að meðtöldum nýjum viðbótum og afbrigðum sem eru ekki tilgreind í upprunalega tækniskjalinu (sjá fyrsta undirlið í 3. lið). Tilkyntni aðilinn skal skoða breytingarnar og tilkynna umsækjanda um hvort vottorðið um EB-gerðarprófun gildi áfram⁽¹⁾.
7. Sérhver tilkynttur aðili skal senda aðildarríkjunum viðeigandi upplýsingar um:
- þau vottorð um EB-gerðarviðurkenningu sem hafa verið gefin út,
 - þau vottorð um EB-gerðarviðurkenningu sem hafa verið afturkölluð.
- Sérhver tilkynttur aðili skal einnig senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um vottorðin um EB-gerðarprófun sem hann hefur afturkallað.
8. Vottorð um EB-gerðarprófun og skjöl og bréfaskeipti er varða málsmeðferð við EB-gerðarprófun skulu höfð á opinberu tungumáli aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilkyntni aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
9. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita með tækniskjöllum afrit af vottorðum um EB-gerðarprófun og viðbótum við þau í 10 ár eftir að framleiðslu lyftna sem eru framleiddar í samræmi við dæmigert eintak af lyftunni er hætt.

VI. VIÐAUKI

Lokaskoðun.

1. Lokaskoðun er aðferð þar sem sá er annast uppsetningu lyftunnar og uppfyllir skilyrði 2. liðar skal ganga úr skugga um og lýsa því yfir að lyftan sem verið er að markaðssetja fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal festa CE-merki á lyftustól hvernar lyftu og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi.

⁽¹⁾ Tilkynttum aðila er heimilt að gefa út viðbót við vottorð um EB-gerðarprófun eða fara fram á að ný umsókn sé lögð fram telji hann það nauðsynlegt.

2. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lyfta sem verið er að markaðssetja sé í samræmi við sýnieintak lyftunnar sem er lýst í vottorði um EB-gerðarprófun og kröfur um heilsuvernd og öryggi sem gilda um hana.
3. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita afrit af EB-yfirlýsingu um samræmi og vottorði um lokaskoðun, sbr. 6. lið, í tíu ár frá þeim degi sem lyftan var markaðssett.
4. Tilkynntur aðili, sem sá er annast uppsetningu lyftunnar velur, skal sjá um eða sjá til þess að lokaskoðun fari fram á lyftu sem til stendur að markaðssetja. Viðeigandi prófanir og athuganir, sem eru skilgreindar í viðeigandi staðli (stöðlum), sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, eða jafngildar prófanir, skulu gerðar til þess að tryggja að lyftan sé í samræmi við viðeigandi skilyrði reglugerðar þessarar.

Þessar athuganir og prófanir skulu einkum fela í sér:

- a. athugun skjala til að kanna hvort lyftan sé í samræmi við sýnieintak lyftunnar sem var samþykkt í samræmi við B-hluta V. viðauka;
 - b. athugun á því hvernig lyftan virkar, bæði tóm og fullhlaðin, til að tryggt sé að öryggisbúnaður sé settur upp á réttan hátt og virki eðlilega (stöðvunarbúnaður á endum, læsingar o.s.frv.),
 - c. athugun á því hvernig lyftan virkar fullhlaðin og tóm til að tryggt sé að öryggisbúnaður virki eðlilega ef straumur rofnar,
 - d. stöðuprófun með álagi sem er 1,25 sinnum meira en nafnág.
- Nafnág er það álag sem um getur í 5. lið I. viðauka.
- Að þessum prófunum loknum skal tilkynnti aðilinn ganga úr skugga um að ekkert hafi aflagast eða skaði hafi orðið sem gæti komið í veg fyrir notkun lyftunnar.

5. Eftirtalin skjöl skulu afhent tilkynnta aðilanum:

- a. skipulagsuppráttur af allri lyftunni,
- b. nauðsynlegir skipulagsupprættir og teikningar fyrir lokaskoðun, einkum teikningar af straumrásum stjórnkerfa,
- c. eintak af handbók með leiðbeiningum, sbr. lið 6.2 í I. viðauka.

Tilkynnta aðilanum er óheimilt að krefjast nákvæmra skipulagsuppráttanna eða nákvæmra upplýsinga sem teljast ekki nauðsynleg til að sannreyna að lyfta sem til stendur að markaðssetja sé í samræmi við sýnieintak lyftu sem lýst er í EB-yfirlýsingu um gerðarprófun.

6. Ef lyftan uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar skal tilkynnti aðilinn festa eða láta festa kenninúmer sitt við hlið CE-merkisins, sbr. III. viðauka, og gefa út vottorð um lokaskoðun þar sem getið er þeirra athugana og prófana sem fóru fram.
- Tilkynnti aðilinn skal fylla út viðeigandi blaðsíður í rekstrardagbók, sbr. lið 6.2 í I. viðauka.

Synji tilkynnti aðilinn um útgáfu vottorðs um lokaskoðun skal hann færa ítarleg rök fyrir synjuninni og benda á leiðir sem geta leitt til þess að unnt sé að veita samþykki. Sæki sá sem annast uppsetningu lyftunnar um lokaskoðun á ný ber honum að senda sama tilkynnta aðila umsókn.

7. Vottorð um lokaskoðun, skjöl og bréfaskipti er varða samþykkið skulu útbúin á opinberu tungumáli aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

VII. VIÐAUKI

Lágmarksskilyrði sem aðildarríkin skulu taka tillit til þegar aðilar eru tilkynntir.

1. Tilkynnti aðilinn, forstjóri hans og þeir starfsmenn sem sjá um sannprófanir skulu hvorki vera hönnuðir, húsbyggjendur, birgjar, framleiðendur öryggisíhluta eða vinna við upp-

- setningu lyftna sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar þessara aðila. Á sama hátt er tilkynnta aðilanum, forstjóra hans eða starfsmönnum hans sem annast eftirlit með gæðastjórnunarkerfum skv. 15. og 16. gr. reglugerðar þessarar óheimilt að vera hönnuðir, húsbýggjendur, birgjar, framleiðendur öryggisíhluta eða vinna við uppsetningu lyftnanna sem þeir skoða eða vera viðurkenndir fulltrúar þessara aðila. Þeir skulu hvorki taka beinan þátt í hönnun, smíði, markaðssetningu eða viðhaldi öryggisíhluta eða uppsetningu lyftnanna né vera viðurkenndir fulltrúar aðila sem taka þátt í þessari starfsemi. Þetta útilokar ekki hugsanleg skipti á tæknilegum upplýsingum milli framleiðanda og tilkynnta aðila.
2. Tilkynnti aðilinn og starfsmenn hans skulu annast skoðun eða eftirlit með faglegu sjálfstæði og tæknikunnáttu á hæsta stigi og vera lausir við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra og niðurstöður skoðunar, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður úr sannprófunum.
 3. Tilkynnti aðilinn skal hafa yfir að ráða nauðsynlegu starfsfólki og hafa nauðsynlega aðstöðu til að geta framkvæmt á réttan hátt þau stjórnunarlegu og tæknilegu störf sem tengjast skoðun og eftirliti. Hann skal einnig hafa aðgang að þeim tækjum sem þörf er á fyrir sérstakar sannprófanir.
 4. Starfsfólk sem annast skoðun skal hafa:
 - haldgóða tækni- og fagkunnáttu,
 - viðunandi þekkingu á þeim reglum er gilda um þær prófanir sem það gerir og næga reynslu af slíkum prófunum,
 - getu til þess að rita vottorð, skrár og skýrslur sem þarf til að sýna að prófin hafi verið gerð.
 5. Hlutleysi skoðunarmanna skal tryggt. Þóknun þeirra skal hvorki vera háð fjölda prófa sem framkvæmd eru né niðurstöðum úr þeim.
 6. Tilkynnti aðilinn skal hafa ábyrgðartryggingu nema ríkið sé bótaskyldt samkvæmt landslögum eða aðildarríkið sjálft beri beina ábyrgð á prófunum.
 7. Starfsmönnum tilkynnta aðilans er skyldt að fara með allar upplýsingar, sem þeir fá í starfi sínu samkvæmt reglugerð þessari eða hverju því ákvæði landslaga sem sett er í tilefni af þeim, sem trúnaðarmál (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem starfsemin fer fram).

VIII. VIÐAUKI

Gæðastjórnun vöru (aðferðareining E).

1. Gæðastjórnun vöru er aðferð þar sem framleiðandi öryggisíhluta, sem fullnægir skilyrðum 2. liðar, gengur úr skugga um og lýsir því yfir að öryggisíhlutarnir séu í samræmi við gerðina sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og fullnægi þeim skilyrðum reglugerðar þessarar sem gilda um þá og sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutinn, sem er komið fyrir með réttum hætti í lyftu, leiði til þess að hún fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar.
Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, sbr. 4. lið.
2. Framleiðandi skal nota viðurkennt gæðastjórnunarkerfi við lokaskoðun á öryggisíhluta og prófun á honum, sbr. 3. lið, og vera háður eftirliti, sbr. 4. lið.
3. Gæðastjórnunarkerfi.

- 3.1. Framleiðandi öryggisíhluta skal sækja um mat á gæðastjórnunarkerfi sínu fyrir þá öryggisíhluta sem um ræðir til tilkynnts aðila að eigin vali.
Í umsókninni skal koma fram:
 - a. allar upplýsingar sem máli skipta um þá öryggisíhluta sem um er að ræða,
 - b. gögn um gæðastjórnunarkerfið,
 - c. tækniskjöl um hina viðurkenndu öryggisíhluta og afrit af vottorðinu um EB-gerðarprófun.
- 3.2. Athuga skal alla öryggisíhluta samkvæmt gæðastjórnunarkerfinu og framkvæma réttar prófanir í samræmi við viðeigandi staðla, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að þeir séu í samræmi við viðeigandi skilyrði reglugerðar þessarar.
Alla þá þætti, skilyrði og ákvæði sem framleiðandi öryggisíhluta hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðastjórnunarkerfið skulu vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.
Gögnin skulu einkum fela í sér fullnægjandi lýsingu á:
 - a. gæðamarkmiðum;
 - b. skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða öryggisíhluta;
 - c. þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða að framleiðslu lokinni;
 - d. því með hvaða hætti sannreynt sé að gæðastjórnunarkerfið sé skilvirkt;
 - e. gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðastjórnunarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi skilyrðum skv. lið 3.2. Honum ber að líta svo á að skilyrðunum sé fullnægt hafi viðeigandi samræmdum staðli verið beitt í gæðastjórnunarkerfum⁽¹⁾.
Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Matið skal fela í sér heimsókn til framleiðanda öryggisíhlutar. Tilkynna skal ákvörðunina til framleiðanda öryggisíhlutanna. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.
- 3.4. Framleiðandi öryggisíhluta skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðastjórnunarkerfið leggur honum á herðar, eins og það var viðurkennt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem viðurkenndi gæðastjórnunarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðastjórnunarkerfi fullnægi enn skilyrðum skv. lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna framleiðandanum um ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.
4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.
 - 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi öryggisíhluta ræki þær skyldur sem hið viðurkennda gæðastjórnunarkerfi leggur honum á herðar.
 - 4.2. Framleiðandinn skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskygni að þeim stöðum þar sem eftirlit og prófun fara fram og að geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:

⁽¹⁾ Þessi samræmdi staðall er EN 29 003 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum öryggisíhluta.

- a. gögn um gæðastjórnunarkerfið,
 - b. tækniskjöl,
 - c. gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
- 4.3. Tilkyntni aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi öryggisíhluta viðhaldi gæðastjórnunarkerfinu og noti það og skal hann gefa framleiðanda öryggisíhluta skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki er tilkyntna aðilanum heimilt að heimsækja framleiðanda öryggisíhluta fyrirvaralaust.
- Í slíkum heimsóknum er tilkyntna aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðastjórnunarkerfið starfi rétt. Hann skal gefa framleiðanda öryggisíhlutanna skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.
5. Framleiðandinn skal varðveita og hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt:
- a. skjölin skv. c-lið 2. mgr. liðar 3.1,
 - b. gögn um breytingar skv. 2. mgr. liðar 3.4,
 - c. ákvarðanir og skýrslur frá tilkyntna aðilanum skv. 4. mgr. liðar 3.4, lið 4.3 og 2. mgr. liðar 4.4.
6. Sérhver tilkynttur aðili skal veita öðrum tilkynttum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi viðurkenningar á gæðastjórnunarkerfum og afturkallanir.

IX. VIÐAUKI

Heildstæð gæðastjórnun (aðferðareining H).

1. Heildstæð gæðastjórnun er aðferð þar sem framleiðandi öryggisíhluta, sem fullnægir skilyrðum 2. liðar, gengur úr skugga um og lýsir því yfir að öryggisíhlutarnir fullnægi þeim skilyrðum reglugerðar þessarar sem um þá gilda og sér til þess og lýsir því yfir að öryggisíhlutinn, sem er komið fyrir með réttum hætti í lyftu, leiði til þess að hún fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar.
Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa CE-merkið á sérhvern öryggisíhluta og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkyntna aðilans sem annast eftirlitið, sbr. 4. lið.
2. Framleiðandi skal nota viðurkennt gæðastjórnunarkerfi við lokaskoðun, hönnun, framleiðslu og prófun á þeim, sbr. 3. lið, og skal vera háður eftirliti, sbr. 4. lið.
3. Gæðastjórnunarkerfi.
 - 3.1. Framleiðandinn skal leggja inn umsókn um mat á gæðastjórnunarkerfi sínu til tilkynts aðila. Í umsókninni skal koma fram:
 - a. allar upplýsingar sem máli skipta um öryggisíhluta,
 - b. gögn um gæðastjórnunarkerfið.
 - 3.2. Gæðastjórnunarkerfið skal tryggja að öryggisíhlutarnir séu í samræmi við þau skilyrði reglugerðar þessarar sem gilda um þá og leiði til þess að lyftur, sem þeim er komið fyrir í með réttum hætti, fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar.
Alla þá þætti, skilyrði og ákvæði sem framleiðandi hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðastjórnunarkerfið skulu vera með þeim

hætti að gæðastefnur og aðferðir, svo sem gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og –skrár, séu ávallt túlkuð með sama hætti.

Gögnin skulu einkum fela í sér fullnægjandi lýsingu á:

- a. gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og gæða öryggisíhluta,
 - b. þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal og, í þeim tilvikum sem stöðlunum, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, verður ekki beitt að fullu, þeim aðferðum sem notaðar verða til að tryggja að þær grunnkröfur reglugerðar þessarar sem gilda um öryggisíhlutana verði uppfylltar,
 - c. þeirri tækni til stjórnunar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun öryggisíhlutanna,
 - d. samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við samsetningu, uppsetningu og gæðastjórnun,
 - e. þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, og hversu oft þær verða gerðar,
 - f. gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,
 - g. því með hvaða hætti fylgst er með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðastjórnunarkerfið sé skilvirkt.
- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðastjórnunarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi skilyrðum skv. lið 3.2. Honum ber að líta svo á að skilyrðunum sé fullnægt hafi viðeigandi samræmdum staðli verið beitt í gæðastjórnunarkerfinu⁽¹⁾.
Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Matið skal fela í sér heimsókn til framleiðandans.
Tilkynna skal ákvörðunina til framleiðanda öryggisíhlutanna. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.
- 3.4. Framleiðandi öryggisíhluta skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðastjórnunarkerfið leggur honum á herðar, eins og það var viðurkennt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem viðurkenndi gæðastjórnunarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðastjórnunarkerfi fullnægi enn skilyrðum skv. lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna framleiðandanum um ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.
4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.
- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi öryggisíhluta ræki þær skyldur sem hið viðurkennda gæðastjórnunarkerfi leggur honum á herðar.
 - 4.2. Framleiðandi öryggisíhlutanna skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlitsskyni að stöðum þar sem hönnun, framleiðsla, eftirlit og prófun fer fram og að geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
 - a. gögn um gæðastjórnunarkerfið,
 - b. gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðakerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

⁽¹⁾ Þessi samræmi staðall er EN 29 001 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum öryggisíhluta.

- c. gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðastjórnunarkerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi öryggisíhluta viðhaldi gæðastjórnunarkerfinu og noti það og skal hann gefa framleiðanda öryggisíhluta skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki er tilkynta aðilanum heimilt að heimsækja framleiðanda öryggisíhluta fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknum er tilkynta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðastjórnunarkerfið starfi rétt. Hann skal gefa framleiðanda öryggisíhlutans skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.
5. Framleiðandi öryggisíhlutanna eða viðurkenndur fulltrúi hans skal varðveita og hafa tiltek fyrir Vinnueftirlit ríkisins í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt:
- skjölin skv. b-lið 2. mgr. liðar 3.1,
 - gögn um breytingar skv. 2. mgr. liðar 3.4,
 - ákvarðanir og skýrslur frá tilkynta aðilanum skv. 4. mgr. liðar 3.4, liði 4.3 og 4.4.
- Ef hvorki framleiðandi öryggisíhluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal sá er markaðssetur öryggisíhlutann innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa tækniskjöl tiltæk.
6. Sérhver tilkyntur aðili skal veita öðrum tilkyntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi viðurkenningar á gæðastjórnunarkerfum og afturkallanir.
7. Skjöl og bréfaskipti er varða heildstæða gæðastjórnun skulu höfð á opinberu tungumáli aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilkynti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

X. VIÐAUKI

Einingarsannprófun (aðferðareining G).

- Einingarsannprófun er aðferð þar sem sá er annast uppsetningu lyftu gengur úr skugga um og lýsir yfir að lyfta sem verið er að setja á markað og fengið hefur vottorð um samræmi, sbr. 4. lið, fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar. Sá er annast uppsetningu lyftu skal festa CE-merkið á lyftustólinn og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi.
- Sá er annast uppsetningu lyftu skal sækja um einingarsannprófun til tilkynts aðila að eigin vali.
Eftirfarandi skal koma fram í umsókninni:
 - nafn og heimilisfang þess sem annast uppsetningu lyftunnar og upplýsingar um hvar lyftan er sett upp,
 - skrifleg yfirlýsing þess efnis að sambærileg umsókn hafi ekki verið lögð fram hjá öðrum tilkyntum aðila,
 - tækniskjöl.
- Tækniskjalið skal vera unnt að nýta við mat á samræmi lyftunnar við skilyrði reglugerðar þessarar og til að öðlast upplýsingar um hönnun, framleiðslu og notkun lyftunnar.
Eftirfarandi skal koma fram í tækniskjölunum, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir samræmismatið:
 - almenn lýsing á lyftunni,
 - teikningar og skýringamyndir varðandi hönnun og framleiðslu,
 - grunnkröfur sem tekið er tillit til og hvaða leiðir eru farnar til að fullnægja þeim (t.d. samræmdur staðall),

- d. niðurstöður prófana eða útreikninga sem sá er annast uppsetningu lyftunnar sér um eða ræður annan til að sjá um,
 - e. afrit af leiðbeiningum um notkun lyftunnar,
 - f. afrit af vottorði um EB-gerðarprófun fyrir þá öryggisíhluta sem eru notaðir.
4. Tilkynti aðilinn skal rannsaka tækniskjölin og lyftuna og gera viðeigandi prófanir sem eru skilgreindar í viðeigandi staðli (stöðlum), sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að hún sé í samræmi við viðeigandi skilyrði reglugerðar þessarar.
- Uppfylli lyftan skilyrði reglugerðar þessarar skal tilkynti aðilinn festa eða láta festa kenninúmer sitt við hlið CE-merkisins, sbr. III. viðauka, og gefa út samræmisvottorð vegna þeirra prófana sem voru gerðar.
- Tilkynti aðilinn skal fylla út viðeigandi blaðsíður í rekstrardagbókinni, sbr. lið 6.2 í I. viðauka.
- Synji tilkynti aðilinn um útgáfu vottorðs um samræmi skal hann færa ítarleg rök fyrir synjuninni og benda á leiðir svo unnt sé að koma á samræmi. Sæki sá er annast uppsetningu lyftunnar um sannprófun á ný ber honum að senda sama tilkynta aðila umsókn.
5. Vottorð um samræmi, skjöl og bréfaskipti er varða aðferðir við einingarsannprófunu skulu höfð á opinberu tungumáli aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilkynti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.
6. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal varðveita með tækniskjöllum afrit af vottorðinu um samræmi í 10 ár frá þeim degi sem lyftan er markaðssett.

XI. VIÐAUKI

Samræmi við gerð kannað með slembiathugun (aðferðareining C).

1. Samræmi við gerð er aðferð þar sem framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins gengur úr skugga um og lýsir því yfir að öryggisíhlutarnir séu í samræmi við þá gerð sem er lýst á EB-gerðarvottorðinu og fullnægi skilyrðum reglugerðar þessarar er um þá gilda og leiði til þess að lyftur, sem þeim er komið fyrir í með réttum hætti, fullnægi ákvæðum reglugerðar þessarar um heilsuvernd og öryggi.

Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal festa CE-merkið á hvern öryggisíhluta og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi.

2. Framleiðandi öryggisíhluta skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið tryggi samræmi framleiddra öryggisíhluta við þá gerð sem er lýst í vottorði um EB-gerðarprófun og við þau skilyrði reglugerðar þessarar sem um þá gilda.
3. Framleiðandi öryggisíhluta eða viðurkenndur fulltrúi hans skulu varðveita afrit af EB-yfirlýsingu um samræmi í 10 ár eftir að framleiðslu öryggisíhlutanna er hætt.

Ef hvorki framleiðandi öryggisíhluta né viðurkenndur fulltrúi hans hefur staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal sá er markaðssetur öryggisíhlutann innan Evrópska efnahagssvæðisins hafa tækniskjöl tiltæk.

4. Tilkyntum aðila sem framleiðandi velur skal gera eða láta fara fram slembiathuganir á öryggisíhlutum. Fullnægjandi úrtak fullunninna öryggisíhluta, sem tilkynti aðilinn tekur á staðnum, skal rannsakað og prófað á viðeigandi hátt skv. viðeigandi staðli (stöðlum), sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, eða jafngildar prófanir, til að ganga úr skugga um að vörurnar fullnægi viðeigandi skilyrðum reglugerðar þessarar. Ef einn öryggisíhluti eða fleiri eru ekki í samræmi við skilyrðin skal tilkynti aðilinn gera viðeigandi ráðstafanir.

Þau atriði sem taka ber tillit til þegar öryggisáhlutar eru athugaðir skulu skilgreind í samningi sem tilkynntir aðilar, sem bera ábyrgð á þessari aðferð, gera sín á milli að teknu tilliti til frumeinkenna öryggisáhlutanna skv. IV. viðauka.

Framleiðandinn skal festa kenninúmer tilkynnta aðilans á ábyrgð þess síðarnefnda meðan á framleiðslu stendur.

5. Skjöl og bréfaskipti er varða aðferðir sem er beitt við slembiathuganir skv. 4. lið skulu höfð á opinberu tungumáli aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

XII. VIÐAUKI

Gæðastjórnun vöru fyrir lyftur (aðferðareining E).

1. Gæðastjórnun vöru er aðferð þar sem sá er annast uppsetningu lyftu og fullnægir skilyrðum 2. liðar gengur úr skugga um og lýsir því yfir að uppsettar lyftur séu í samræmi við gerðina sem er lýst í vottorðinu um EB-gerðarprófun og fullnægi þeim skilyrðum reglugerðar þessarar sem gilda um þær.
Sá er annast uppsetningu lyftu skal festa CE-merkið á hverja lyftu og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, sbr. 4. lið.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal nota viðurkennt gæðastjórnunarkerfi við lokaskoðun og prófun á lyftunni, sbr. 3. lið, og vera háður eftirliti, sbr. 4. lið.
3. Gæðastjórnunarkerfi
 - 3.1. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal sækja um mat á gæðastjórnunarkerfi sínu fyrir þær lyftur sem um ræðir til tilkynnts aðila að eigin vali.
Eftirfarandi skal koma fram í umsókninni:
 - a. allar upplýsingar sem máli skipta um þær lyftur sem um er að ræða,
 - b. gögn um gæðastjórnunarkerfið,
 - c. tækniskjöl um hinar viðurkenndu lyftur og afrit af vottorðum um EB-gerðarprófun.
 - 3.2. Samkvæmt gæðastjórnunarkerfinu er sérhver lyfta athuguð og gerðar viðeigandi prófanir í samræmi við hlutaðeigandi staðal (staðla), sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, eða jafngildar prófanir, til þess að tryggja að varan sé í samræmi við viðeigandi skilyrði reglugerðar þessarar.
Alla þá þætti, skilyrði og ákvæði sem sá er annast uppsetningu lyftu hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðastjórnunarkerfið skulu vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.
Gögnin skulu einkum fela í sér fullnægjandi lýsingu á:
 - a. gæðamarkmiðum;
 - b. skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til gæða lyftna;
 - c. þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða áður en markaðssetning fer fram, þar á meðal í það minnsta prófunum skv. b-lið 4. liðar í VI. viðauka;
 - d. því með hvaða hætti sannreynt er að gæðastjórnunarkerfið sé skilvirkt;
 - e. gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunar-gögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.

- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðastjórnunarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi skilyrðum skv. lið 3.2. Honum ber að líta svo á að skilyrðunum sé fullnægt hafi viðeigandi samræmdum staðli verið beitt í gæðastjórnunarkerfum⁽¹⁾.
Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Matið skal fela í sér heimsókn til þess er setur upp lyftuna og þangað sem lyftan er sett upp.
Tilkynna skal ákvörðunina til þess er annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.
- 3.4. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðastjórnunarkerfið leggur honum á herðar, eins og það var viðurkennt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Sá sem annast uppsetningu lyftunnar skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur viðurkennt gæðastjórnunarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðastjórnunarkerfi fullnægi enn skilyrðum skv. lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna þeim er annast uppsetningu lyftunnar um ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.
4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.
- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem hið viðurkennda gæðastjórnunarkerfi leggur honum á herðar.
- 4.2. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlits-skyni að þeim stöðum þar sem eftirlit og prófun fer fram og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- a. gögn um gæðastjórnunarkerfið,
 - b. tækniskjöl,
 - c. gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðastjórnunarkerfinu og noti það og skal hann gefa þeim er setur upp lyftuna skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp fyrirvaralaust.
Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðastjórnunarkerfið og lyftan starfi rétt. Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.
5. Sá er annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu lyftunnar er hætt:
- a. skjölin skv. c-lið 2. mgr. liðar 3.1,
 - b. gögn um breytingar skv. 2. mgr. liðar 3.4,
 - c. ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum skv. 4. mgr. liðar 3.4, lið 4.3 og 2. mgr. 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi viðurkenningar á gæðastjórnunarkerfum og afturkallanir.

⁽¹⁾ Þessi samhæfði staðall er EN 29 003 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

XIII. VIÐAUKI

Heildstæð gæðastjórnun lyftna (aðferðareining H).

1. Heildstæð gæðastjórnun lyftna er aðferð þar sem sá er annast uppsetningu lyftna og fullnægir skilyrðum 2. liðar gengur úr skugga um og lýsir því yfir að lyfturnar fullnægi þeim skilyrðum reglugerðar þessarar sem gilda um þær.
Sá er annast uppsetningu lyftu skal festa CE-merkið á hverja lyftu og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, sbr. 4. lið.
2. Sá er annast uppsetningu lyftu skal nota viðurkennt gæðastjórnunarkerfi við hönnun, framleiðslu, samsetningu, uppsetningu og lokaskoðun á lyftunum og við prófanir, sbr. 3. lið, og vera háður eftirliti, sbr. 4. lið.
3. Gæðastjórnunarkerfi.
 - 3.1. Sá er annast uppsetningu lyftu skal leggja inn umsókn um mat á gæðastjórnunarkerfi sínu hjá tilkynntum aðila.
Eftirfarandi skal koma fram í umsókninni:
 - a. allar upplýsingar sem máli skipta um lyfturnar, einkum upplýsingar sem gera kleift að skilja tengsl milli hönnunar og starfsemi lyftunnar þannig að skilyrðum reglugerðar þessarar sé fullnægt,
 - b. gögn um gæðastjórnunarkerfið.
 - 3.2. Gæðastjórnunarkerfið skal tryggja að lyfturnar séu í samræmi við þau skilyrði reglugerðar þessarar sem við þær eiga.
Alla þá þætti, skilyrði og ákvæði sem sá er annast uppsetningu lyftunnar hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðastjórnunarkerfið skulu vera með þeim hætti að aðferðirnar séu túlkaðar með sama hætti, svo sem gæða-áætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár.
Gögnin skulu einkum fela í sér fullnægjandi lýsingu á:
 - a. gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til hönnunar og gæða lyftnanna,
 - b. þeim tæknilegu hönnunarforskriftum, þar með töldum stöðlum, sem beita skal og, í þeim tilvikum sem stöðlum, sbr. 11. gr. reglugerðar þessarar, verður ekki að fullu beitt, þeim aðferðum sem notaðar verða til að tryggja að þau skilyrði reglugerðar þessarar sem gilda um lyfturnar verði uppfylltar,
 - c. þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim aðferðum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun lyftnanna,
 - d. þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða við viðtöku birgða af efnunum, íhlutum og hlutasamsetningum,
 - e. samsvarandi aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við samsetningu, uppsetningu og gæðastjórnun,
 - f. þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir (skoðun á aðstæðum við uppsetningu: lyftustokkur, vélarhús o.s.frv.), við og eftir uppsetningu (þar á meðal í það minnsta prófunum skv. b-lið 4. liðar í VI. viðauka),
 - g. gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,
 - h. því með hvaða hætti fylgst er með því að tilskilin hönnunar- og vörugæði hafi náðst og að gæðastjórnunarkerfið sé skilvirkt.

- 3.3. Eftirlit með hönnun.
Ef hönnun er ekki að öllu leyti í samræmi við samræmda staðla skal tilkynnti aðilinn ganga úr skugga um hvort hönnunin sé í samræmi við ákvæði reglugerðar þessar og, ef svo er, gefa út „vottorð um EB-hönnunarpröfun“ til handa þeim sem annast uppsetningu, þar sem fram koma takmarkanir á gildi vottorðsins og nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að bera kennsl á hönnunina sem hefur verið viðurkennd.
- 3.4. Mat á gæðastjórnunarkerfinu.
Tilkynnti aðilinn skal meta gæðastjórnunarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi skilyrðum skv. lið 3.2. Honum ber að líta svo á að skilyrðunum sé fullnægt hafi viðeigandi samræmdum staðli verið beitt í gæðastjórnunarkerfinu⁽¹⁾.
Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Matið skal fela í sér heimsókn til þess er setur upp lyftuna og þangað sem lyftan er sett upp.
Tilkynna skal ákvörðunina þeim er annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni skal koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.
- 3.5. Sá er annast uppsetningu lyftu skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðastjórnunarkerfið leggur honum á herðar, eins og það var viðurkennt, og að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
Sá er annast uppsetningu lyftu skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur viðurkennt gæðastjórnunarkerfið um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðastjórnunarkerfi fullnægi enn skilyrðum skv. lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
Hann skal tilkynna þeim er annast uppsetningu lyftunnar um ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.
4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.
- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem hið viðurkennda gæðastjórnunarkerfi leggur honum á herðar.
- 4.2. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlits-skygni að þeim stöðum þar sem hönnun, framleiðsla, samsetning, uppsetning, eftirlit og prófun fer fram og að geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- a. gögn um gæðastjórnunarkerfið,
 - b. gæðaskýrslur sem kveðið er á um í hönnunarhluta gæðastjórnunarkerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,
 - c. gæðaskýrslur sem kveðið er á um í framleiðsluhluta gæðastjórnunarkerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðastjórnunarkerfinu og noti það og skal hann gefa þeim sem annast uppsetningu lyftu skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp eða hún sett saman fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðastjórnunarkerfið starfi rétt.

⁽¹⁾ Þessi samhæfði staðall er EN 29 001 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.

5. Sá er annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins í að minnsta kosti 10 ár eftir að lyftan er markaðssett:
 - a. skjölin skv. b-lið liðar 3.1,
 - b. gögn um breytingar skv. 2. mgr. liðar 3.5,
 - c. ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum skv. 4. mgr. liðar 3.5, lið 4.3 og 2. mgr. liðar 4.4.
- Ef sá er annast uppsetninguna hefur ekki staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynnti aðilinn efna þessar kvaðir.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi viðurkenningar á gæðastjórnunarkerfinu og afturkallanir.
 7. Skjöl og bréfaskipti er varða heildstæða gæðastjórnun skulu höfð á opinberu tungumáli aðildarríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilkynnti aðilinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

XIV. VIÐAUKI

Gæðastjórnun í framleiðslu (aðferðareining D).

1. Gæðastjórnun í framleiðslu er aðferð þar sem sá er annast uppsetningu lyftna og fullnægir skilyrðum 2. liðar gengur úr skugga um og lýsir því yfir að lyfturnar fullnægi þeim skilyrðum reglugerðar þessarar er um þær gilda. Sá er annast uppsetningu lyftu skal festa CE-merkið á sérhverja lyftu og gefa út EB-yfirlýsingu um samræmi. CE-merkinu skal fylgja kenninúmer tilkynnta aðilans sem annast eftirlitið, sbr. 4. lið.
2. Sá sem annast uppsetningu lyftu skal nota viðurkennt gæðastjórnunarkerfi við framleiðslu, uppsetningu, lokaskoðun og prófun á lyftunni, sbr. 3. lið, og vera háður eftirliti, sbr. 4. lið.
3. Gæðastjórnunarkerfi.
 - 3.1. Sá er annast uppsetningu lyftu skal sækja um mat á gæðastjórnunarkerfi sínu til tilkynnts aðila að eigin vali.
Eftirfarandi skal koma fram í umsókninni:
 - a. allar upplýsingar sem máli skipta um lyfturnar,
 - b. gögn um gæðastjórnunarkerfið,
 - c. tækniskjöl um hinar viðurkenndu lyftur og afrit af vottorðum um EB-gerðarprófun.
 - 3.2. Gæðastjórnunarkerfið skal tryggja að lyfturnar séu í samræmi við viðeigandi skilyrði reglugerðar þessarar.
Alla þá þætti, skilyrði og ákvæði sem sá sem annast uppsetningu lyftu hefur tekið tillit til skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt í skriflegri greinargerð um ráðstafanir, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi gögn um gæðastjórnunarkerfið skulu vera með þeim hætti að gæðaáætlanir, -skipulag, -handbækur og -skrár séu ávallt túlkuð með sama hætti.
Gögnin skulu einkum fela í sér fullnægjandi lýsingu á:
 - a. gæðamarkmiðum og skipulagi, ábyrgð og valdi stjórnenda með tilliti til lyftanna,
 - b. aðferðum, ferlum og kerfisbundnum aðgerðum sem nota á við framleiðslu, gæðastýringu og gæðastjórnun,

- c. þeim athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir uppsetningu⁽¹⁾,
 d. gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,
 e. því með hvaða hætti fylgst er með því að tilskilin gæði lyftu hafi náðst og að gæðastjórnunarkerfið sé skilvirkt.
- 3.3. Tilkynnti aðilinn skal meta gæðastjórnunarkerfið til þess að ákveða hvort það fullnægi skilyrðum skv. lið 3.2. Honum ber að líta svo á að skilyrðunum sé fullnægt hafi viðeigandi samræmdum staðli verið beitt í gæðastjórnunarkerfinu⁽²⁾.
 Í úttektarhópnum skal vera að minnsta kost einn reyndur matsmaður í þeirri tækni sem lyftan byggir á. Matið skal fela í sér heimsókn til þess sem annast uppsetningu lyftunnar.
 Tilkynna skal ákvörðunina til þess sem annast uppsetningu lyftunnar. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.
- 3.4. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðastjórnunarkerfið leggur honum á herðar, eins og það var viðurkennt, og viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.
 Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal upplýsa þann tilkynnta aðila sem hefur viðurkennt gæðastjórnunarkerfi um allar fyrirhugaðar breytingar á því.
 Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðastjórnunarkerfi fullnægi enn skilyrðunum skv. lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.
 Hann skal tilkynna þeim sem annast uppsetningu lyftunnar um ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun um matið.
4. Eftirlit á ábyrgð tilkynnta aðilans.
- 4.1. Tilgangur með eftirlitinu er að tryggja að sá sem annast uppsetningu lyftunnar ræki þær skyldur sem hið viðurkennda gæðastjórnunarkerfi leggur honum á herðar.
- 4.2. Sá er annast uppsetningu lyftunnar skal veita tilkynnta aðilanum aðgang í eftirlits-skyni að þeim stöðum þar sem framleiðsla, eftirlit, samsetning, uppsetning og prófun fer fram og að geymslustöðum og fá honum í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar, einkum:
- a. gögn um gæðastjórnunarkerfið,
 b. gæðaskýrslur, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.
- 4.3. Tilkynnti aðilinn skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort sá sem annast uppsetningu lyftunnar viðhaldi gæðastjórnunarkerfinu og noti það og skal gefa þeim er annast uppsetningu lyftu skýrslu um úttektina.
- 4.4. Að auki er tilkynnta aðilanum heimilt að heimsækja staðinn þar sem verið er að setja lyftuna upp fyrirvaralaust. Í slíkum heimsóknum er tilkynnta aðilanum heimilt, ef nauðsyn krefur, að gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðastjórnunarkerfið starfi rétt. Hann skal gefa þeim sem annast uppsetningu lyftunnar skýrslu um heimsóknina og prófunarskýrslu, hafi prófun farið fram.
5. Sá er annast uppsetningu lyftu skal varðveita og hafa tiltæk fyrir Vinnueftirlit ríkisins í að minnsta kosti 10 ár eftir að framleiðslu lyftunnar er hætt:
- a. skjölin skv. b-lið 2. mgr. liðar 3.1,

⁽¹⁾ Til þessara prófana teljast í það minnsta prófanir skv. b-lið 4. liðar VI. viðauka.

⁽²⁾ Þessi samhefði staðall er EN 29002 með viðbótum ef með þarf til að gera ráð fyrir sérstökum eiginleikum lyftna.

- b. gögn um breytingar skv. 2. mgr. liðar 3.5,
 - c. ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum skv. 4. mgr. liðar 3.4, liðum 4.3 og 4.4.
6. Sérhver tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum upplýsingar sem máli skipta varðandi viðurkenningar á gæðastjórnunarkerfum og afturköllunum.
7. Skjölin og bréfaskipti er varða aðferðir við gæðastjórnun í framleiðslu skulu höfð á opinberu tungumáli aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem tilkynnti aðillinn hefur staðfestu eða á því tungumáli sem hann samþykkir.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Suðurnesjasvæði.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Suðurnesjasvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald kr. 6.100. Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun kr. 7.350

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi sem hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald hálf títímagjald og auglýsingakostnaður ef við á.

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald eitt tímagjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeidnir skal greiða hálf títímagjald. Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist skv. reikningi. Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Hollustuvernd ríkisins, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja innheimtir öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. júní og eindagi 15. júní ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærrí er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 751/1999 fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á Suðurnesjum með síðari breytingum.

Reykjanesbæ, 8. maí 2003.

F.h. heilbrigðisnefndar Suðurnesja,

Magnús H. Guðjónsson.

Fylgiskjal.

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	12.963	Bakarí, lítið	37.820
Aðrar skólphreinsistöðvar	24.400	Bakarí, miðlungs	42.700
Aðrir farþegaflutningar á vegum	7.625	Bakarí, stórt	71.370
Alifuglarækt < 40.000 stæði	31.720	Bensínstöðvar án matvæla	33.550
Alifuglarækt > 40.000 stæði	66.490	Bensínstöðvar með matvöru	94.550
Apótek	15.250	Bensínstöðvar með veitingasölu	155.550
Apótek, útibú frá apóteki með starfsleyfi á Suðurnesjum	5.338	Bensínstöðvar, sjálfvirkar	21.350
Atvinnurekstur sem meðhöndlar asbest	79.300	Bið- og endastöðvar strætisvagna	3.813
Áfengis meðferð	5.719	Biðstöðvar leigubifreiða	3.813
Áfengisverslun	9.913	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	15.098
Áhaldahús sveitarfélags	11.438	Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, stórt	18.148
Baðhús	9.913	Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	10.065
		miðlungs	16.623

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	11.590	Fiskbúðir með vinnslu, miðlungs	75.700
Bifreiða- og vélaverkstæði, stórt	13.115	Fiskbúðir með vinnslu, stórar	100.650
Bifreiðaréttingar	5.261	Fiskmarkaðir	22.875
Bifreiðasprautun	15.098	Fiskmjölsvinnsla	85.400
Bifreiðavarahlutaverslanir, lítið af efnavöru	17.690	Fitu- og lýsisvinnsla og -hersla	33.550
Bifreiðavarahlutaverslanir, mikið af efnavöru	23.790	Fótaaðgerðarstofur	12.200
Bílapartasölur	16.775	Framköllun t.d. á ljós-, röntgen- og kvikmyndum	11.438
Blikksmíði	6.100	Framköllunarþjónusta, sérhæfð	11.438
Blómarækt	9.150	Framleiðsla plastvöru fyrir sjávarútveg	4.575
Blómaverslun	9.913	Framleiðsla annarra matvara	15.250
Bón- og bílaþvottur, handvirk	9.150	Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	12.200
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	10.675	Framleiðsla á eggjamassa	210.050
Brauðstofur	33.550	Framleiðsla á glerplötum	6.100
Brauðverksmiðjur	91.500	Framleiðsla á iðnaðargasi	39.650
Byggingavöruverslanir, litlar	47.580	Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju	27.450
Byggingavöruverslanir, stórar	73.200	Framleiðsla á krossviði, spónaplötum o.þ.h.	12.200
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu (ekki gisting á einkaheimili)	9.150	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrangi < 10 tonn á dag	27.450
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu (ekki gisting á einkaheimili)	13.725	Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrangi > 10 tonn á dag	54.900
Dagmómmur með > 6 börn	5.338	Framleiðsla á umbúðaplasti	4.575
Dansskólar	4.956	Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	17.385
Deildaskipt sjúkrahús, lítið/án mótuneytis	36.600	Framleiðsla fiskeldisfóðurs	18.300
Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs/með móttökueldhúsi	42.700	Framleiðsla glerfláta	4.194
Deildaskipt sjúkrahús, stórt/með fullbúnu eldhúsi	167.475	Framleiðsla hreinsaðrar olíu og feiti	27.450
Dvalar- og hjúkrunarheimili, lítil/án mótuneytis	12.963	Framleiðsla húsdýrafóðurs	18.300
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs/með móttökueldhúsi	35.075	Framleiðsla vöru til heimilis- og hreinlætisnota úr pappír og pappa	5.338
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór/með fullbúnu eldhúsi	149.175	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám án mótuneytis	41.175
Dýralæknastofur án röntgen	4.575	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	172.050
Dýralæknastofur með röntgen	12.200	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - bóknám með móttökueldhúsi	97.600
Dýraspítalar	13.725	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám án mótuneytis	30.500
Efnalaugar	11.438	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	167.475
Eldsmíði, önnur málmsmíði og viðgerðir sindurmótun	6.100	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með móttökueldhúsi	88.450
Endurhæfing	10.675	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi verknám í matvælavinnslu	48.800
Endurvinnsla úrgangs	6.100	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mótuneytis	36.600
Engin starfsemi	3.813	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	183.000
Fangelsi, lítið	9.150	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með móttökueldhúsi	85.400
Fangelsi, miðlungs	36.600	Fúavörn á við	10.675
Fangelsi, stórt	42.700	Fyrirtæki sem geyma klórgas	16.775
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsársnotkun	12.963	Garðauðun	13.725
Farfuglaheimili og fjallaskálar, sumarnotkun	4.575	Gasbirgðastöðvar með < 100 m ³ geymslurými (STP)	48.800
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (ekki samfelld starfsemi)	36.600	Gasbirgðastöðvar með > 100 m ³ geymslurými (STP)	61.000
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi (samfelld starfsemi)	104.950	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	12.963
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	28.975	Gámastöð	12.963
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	12.963		
Fiskbúðir án vinnslu, litlar	19.825		
Fiskbúðir án vinnslu, miðlungs	22.875		
Fiskbúðir án vinnslu, stórar	54.900		
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	24.400		

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Gleriðnaður og speglagerð	4.575	Kirkjur með safnaðarheimili m/ móttöku-eldhúsi	15.250
Grunnskólar án mótuneytis	39.650	Kjötpökkunarstöð	73.200
Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	167.475	Kjötvinnsla með reykingu, lítil	36.600
Grunnskólar með móttökueldhúsi	91.500	Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs	97.600
Gúmmfvinnsla	4.956	Kjötvinnsla með reykingu, stór	208.860
Gæludýraverslun	9.913	Kjötvinnsla, lítil	25.620
Gæsluvellir	14.488	Kjötvinnsla, miðlungs	75.640
Harðfiskverkun	10.523	Kjötvinnsla, stór	122.610
Hárgreiðslu- og snyrtistofur	11.438	Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir)	11.590
Hárgreiðslustofur	9.913	Krár, kaffihús með matsölu (lítil starfsemi < 50 gestir, kaffi og kleinur)	5.795
Háþrýstíþvottur	10.675	Krydd- og bragðefnaframleiðsla, stór	79.300
Heildverslun með ávexti og grænmeti, lítil	24.400	Kvikmyndahús	30.500
Heildverslun með ávexti og grænmeti, miðlungs	30.500	Kæli- og frystigeymslur	6.100
Heildverslun með ávexti og grænmeti, stór	39.650	Kælitæki, viðgerðir og nýsmíði	16.013
Heildverslun með sykurlu, súkkulaði og sælgæti	27.450	Kökugerð, lítil	22.875
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, lítil	24.400	Kökugerð, miðlungs	27.450
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, miðlungs	48.800	Kökugerð, stór	45.170
Heildverslun með önnur matvæli, drykkjarvöru og tóbak, stór	54.900	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttar, lítil	27.450
Heildverslun með hreinlætisefni	12.200	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttar, miðlungs	43.950
Heilsugæslustöðvar	22.875	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttar, stór	85.400
Heimili fyrir börn og unglina	4.956	Lagning gólf- og veggefna	10.675
Heitloftspurrkun fiskafurða	10.523	Land- og kvíaldí	16.775
Hestahald	4.194	Leikhús án eldhúss eða eingöngu uppþvottur	12.200
Hitaveita	134.200	Leikhús með fullbúnu eldhúsi	35.075
Hjólbarðaverkstæði	8.388	Leikhús með móttökueldhúsi	18.300
Hótel með veitingasölu, lítið (17-50 gestir)	79.300	Leikskólar án eldhúss	12.200
Hótel með veitingasölu, miðlungs (50-100 gestir)	114.100	Leikskólar með fullbúnu eldhúsi	117.150
Hótel með veitingasölu, stórt (>100 gestir)	208.650	Leikskólar með móttökueldhúsi	30.500
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting, < 16 rúm og heimiliseldhús)	12.200	Leirmunaverkstæði afkastageta < 75 t/dag og/eða rúmtak ofns < 4m ³	4.575
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (17-50 gestir, t.d. verbúðir ekkert eldhús eða heimiliseldhús til afnota fyrir íbúa)	18.300	Líkamsræktarstöðvar, litlar	9.913
Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt (>100 gestir)	21.350	Líkamsræktarstöðvar, litlar með heitum pottum	19.825
Hreinlætisvöruverksmiðjur	23.638	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	22.875
Hunda- og kattahótel	4.575	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs með heitum pottum	30.225
Húðflúrstofur	22.875	Líkamsræktarstöðvar, stórar	24.400
Húðgötun	22.875	Líkamsræktarstöðvar, stórar með heitum pottum	24.400
Húsdýragarðar	5.414	Loðdýrabú	31.720
Húsgagnaíðnaður með lökkun	18.300	Læknaús með aðgerðarstofum	18.300
Ísstöðvar	13.725	Læknastofur	12.200
Íþróttahús, lítil	11.438	Malar- og sandnám; vikurnám	6.863
Íþróttahús, miðlungs	14.488	Markaðir	24.400
Íþróttahús, stór	18.300	Matsölustaðir, litlir (17-50 gestir)	39.070
Íþróttavellir	12.200	Matsölustaðir, miðlungs (51-100 gestir)	
Járnvöruverslanir	24.400	eða litlir með útseldan mat	92.750
Kaldhreinsun lýsis	27.450	Matsölustaðir, stórir (>100 gestir) eða miðlungs með útseldan mat	153.750
Kanínurækt	7.168	Matsöluvagnar	24.400
Kappaksturs- og æfingabraut	9.913	Matvöruverslun án vinnslu, lítil	24.400
Kartöfluvinnsla < 300 tonn á dag	27.450	Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	76.250
Kartöfluvinnsla > 300 tonn á dag	54.900	Matvöruverslun án vinnslu, stór	103.700
Kartöfluvinnsla - pökkun	4.194	Matvöruverslun með vinnslu, lítil	61.000
Kexverksmiðjur	79.300	Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	
Kirkjur	12.200	(t.d. kjötsögun, grillun á kjúklingum)	161.100

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Matvöruverslun með vinnslu, stór	170.800	Sáldprentun	27.450
Málmsteypa < 20 tonn á dag	12.200	Seiðaelði annað en í 1 og 2 og ekki í tengslum við fiskeldi	6.100
Málningar- og veggfóðurverslun	24.400	Seiðaeldisstöðvar > 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	12.200
Málningavöruverslanir	24.400	Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	33.550
Meðferð og húðun málna	12.963	Síldarssöltun	10.523
Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	54.900	Sjúkrahús með takmarkaða sérfræðipjónustu	16.775
Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	11.285	Sjúkraþjálfun	12.200
Móttaka brotamálms	118.950	Skemmtistaðir án matsölu	12.200
Myndbandaleiga	7.625	Skemmtistaðir með matsölu	65.300
Mörbræðsla og tólgarframleiðsla	27.450	Skotvellir	5.338
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	37.850	Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe	109.800
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	80.550	Skrúfufurframleiðsla	6.100
Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi, stórt (>100 gestir)	144.600	Skyndibitastaðir, litlir (allt að 50 gestir)	36.020
Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið (allt að 50 gestir)	22.875	Skyndibitastaðir, miðlungs (51-100 gestir)	47.000
Mötuneyti með móttökueldhúsi, miðlungs (51-100 gestir)	37.850	Skyndibitastaðir, stórir (>100 gestir)	56.150
Mötuneyti með móttökueldhúsi, stórt (100 gestir)	61.000	Slátrun, vinnsla alifuglakjöts	15.860
Nám og vinnsla annarra ótalinna hráefna úr jörðu	15.250	Sláturhús < 50 t/dag	34.770
Nám og vinnsla á steinefnum til efnaíðnaðar og áburðargerðar	6.863	Sláturhús > 50 t/dag	81.740
Náttúrubaðstaðir fyrir fleiri en 500 manns	204.100	Slökkvilið	6.100
Niðurrif bifreiða	15.250	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði án vinnslu	19.825
Nuddstofur	9.913	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu	61.000
Offsett- og hæðarprentun	27.450	Smásala á brauði, kökum og sætabrauði með vinnslu og veitingasölu	100.650
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	42.700	Smásala efna í flokkum X, A og B	47.275
Ótilgreind starfsemi	7.625	Smásala með notaða muni í verslunum	23.638
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	11.438	Smjörlíkisgerð	27.450
Plastiðnaður	11.438	Smurstöðvar	32.025
Prentiðnaður með framköllun	15.860	Snyrtistofur	9.913
Prentiðnaður, lítill	12.810	Snyrtivöruframleiðsla	11.819
Prentiðnaður, miðlungs	15.860	Snyrtivöruverslun	15.250
Prentiðnaður, stór	45.445	Sorpbrennslustöðvar	134.200
Prensmíð	13.725	Sorpbrennslustöðvar með spilliefnamóttöku	183.000
Prentun dagblaða	24.400	Sorpeyðingastöð, sorphaugar	36.600
Pökkunarstarfsemi	21.350	Sorpeyðingastöð, sorphaugar	85.400
Rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	18.300	Sorplutningar og sorphirða	30.500
Rafvélaverkstæði	4.956	Sólbaðstofur án heitra potta	9.913
Rannsóknarstofur í læknisfræði	4.956	Sólbaðstofur með heitum pottum	21.350
Rekstur hafna	15.250	Sólun hjólbarða	12.200
Ryðvarnarverkstæði	21.503	Spennaviðgerðir	27.450
Ræktun veiðivatna	6.100	Spennistöðvar	4.956
Röntgenstofur	12.200	Stálsmíði og stálskipagerð	50.325
Sala á tilbúnum mat, lítil	31.750	Steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum	6.100
Sala á tilbúnum mat, miðlungs	68.350	Steinsmíði	4.270
Sala á tilbúnum mat, stór	85.400	Steypustöðvar og steypueiningaverksmiðjur	12.200
Sala eiturefna	59.475	Stórmarkaðir > 400 m ² , án matvælavinnslu	124.500
Salatgerð	30.500	Stórmarkaðir > 400 m ² , með matvælavinnslu	217.250
Saltfiskverkun	10.523	Sultu- og ávaxtagrautargerð	30.500
Saltvinnsla	27.450	Sundstaðir, litlir	52.275
Samkomusalir án eldhúss eða eingöngu uppvottur	5.338	Sundstaðir, miðlungs (eða litlir samtengt íþróttahúsum)	104.550
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	36.600	Sundstaðir, stórir (eða miðlungs tengt íþróttahúsi)	146.150
Samkomusalir með móttökueldhúsi	15.250	Súkkulaði- og sælgætisgerð	42.700

Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki	Heiti atvinnugreinar	Eftirlits- og sýnakostnaður pr. fyrirtæki
Svínarækt < 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	37.820	Viðhald og niðurrif skipa	42.700
Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða 750 stæði fyrir gyltur	75.640	Vinnsla á ferskum fiski, lítil	12.200
Söluturnar án óvarinna matvæla	15.250	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	27.450
Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	24.400	Vinnsla á ferskum fiski, stór	36.600
Söluturnar með óvarin matvæli, miðlungs	68.350	Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (meira en 1000 tonna ársframleiðslu)	134.200
Söluturnar með óvarin matvæli, stórir	80.550	Vinnsla á meltu úr sjávarfangi (minna en 1000 tonna ársframleiðslu)	48.800
Tannlæknastofur	12.200	Vinnsla með plast- og frauðefni	6.100
Tannsmíðar	12.200	Vistheimili	11.438
Te- og kaffiframleiðsla	16.775	Völsunar-, víra-, nagla- og stangaverksmiðjur.	6.100
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið	8.235	Vöruflutningamiðstöðvar	12.200
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs	9.150	Vörugæmslur, litlar	21.350
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt	12.200	Vörugæmslur, miðlungs	30.500
Tónlistarskólar	12.200	Vörugæmslur, stórar	36.600
Trésmíðaverkstæði án lökkunar	11.438	Yogastofur, heilun o.fl.	4.956
Trésmíðaverkstæði með lökkun	12.963	Þvottahús	6.100
Umboðsverslun með fisk	24.400	Þvottahús og efnalaugar	11.438
Varahlutaverslanir, ekki bíla	23.638	Æfingasvæði slökkviliðs	12.200
Vatnsveitur <1.000 íbúa	53.800	Ökuskólar, flugsjólar o.fl.	5.338
Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	234.600	Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla	5.338
Vatnsveitur 10.000 - 50.000 íbúa	1.188.000	Önnur menningar- og afþreyingarstarfsemi	22.875
Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	278.700	Önnur ótalin félagastarfsemi	4.575
Vatnsveitur, einka	5.338	Önnur ótalin félagastarfsemi	5.719
Veidarfæragerð, netaverkstæði	6.100	Önnur ótalin fiskvinnsla	18.300
Véla- og tækjasölu	23.638	Önnur smásala á matvöru, drykkjarvöru og tóbaki í sérverslunum	30.500
Vélsmiða - og vélaviðgerðaverkstæði	13.725		

AUGLÝSING

um breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra hefur staðfest breytingu á almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 274/1999 um gildistöku aðalnámskrár framhaldsskóla, svo sem nánar er kveðið á um í auglýsingu þessari.

2. gr.

Við upplidsnám á bls. 175-176 bætast tvær nýjar námsbrautir:

Félagsmála- og tómsundabraut (FT)

72 ein.

Námi á félagsmála- og tómsundabraut er ætlað að mennta fólk til starfa á vettvangi félags-, tómsunda- og æskulýðsmála, í félagsmiðstöðvum og skólum, hjá íþrótt- og félagsamtökum. Störfín eru fólgin í undirbúningi, skipulagningu og áætlanagerð er tengist tómsundum og félagslífi fólks á öllum aldri, leiðbeiningum og stuðningi eftir því sem við getur átt. Meðalnámstími er tvö ár og er jafnframt gert ráð fyrir að nemendur ljúki sjö vikna starfsþjálfun á þeim tíma.

Almennar greinar**23 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 + 2 ein	4 ein.
Erlend mál	ENS 102 DAN 102 + 4 ein.	8 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.

Sérgreinar**42 ein.**

Félagsfræði	FÉL 103	3 ein.
Félagsleg málefni í ísl. samf.	FMS 103	3 ein.
Fritímafræði	FRÍ 103 203 303 403	12 ein.
Rekstrarhagfræði	REK 113 123	6 ein.
Sálfræði	SÁL 163 263	6 ein.
Skapandi starf	SKA 102 112 122 132	8 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Uppeldisfræði	UPP 103	3 ein.

Starfsþjálfun**7 ein.**

	STF 103 112 222	7 ein.
--	-----------------	--------

Nám fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum

Undir hugtakið aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum falla skólaliðar, leiðbeinendur í leikskólum og stuðningsfulltrúar í grunnskólum. Nám fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum er ætlað starfsfólki sem fæst við umönnun, uppeldi og menntun barna á aldrinum eins til sextán ára. Meðalnámstími er tvö ár, fjórar annir í skóla og nífu vikna starfsþjálfun í leik- eða grunnskóla. Nemendur hefja nám á námsbraut fyrir skólaliða og er meðalnámstími eitt ár. Að því loknu geta þeir annaðhvort valið námsbraut fyrir leiðbeinendur í leikskólum eða stuðningsfulltrúa í grunnskólum og er meðalnámstími á hvorri braut um sig eitt ár. Náminu er ætlað að undirbúa nemendur til starfa á leik- eða grunnskólum við hlið annars faglærðs starfsfólks.

Brautarlýsing námsbrautar skólaliða (SK)**38 ein.****Almennar greinar****13 ein.**

Íslenska	ÍSL 102	2 ein.
Stærðfræði	STÆ 102	2 ein.
Erlend mál	ENS 102 + 2 ein	4 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111	2 ein.

Sérgreinar**22 ein.**

Fötlan	FÖT 103	3 ein.
Leikur náms og þroska	LEI 103	3 ein.
Matur og næring	MAT 102	2 ein.
Samskipti og samstarf	SAS 103	3 ein.
Samtalstækni	SMT 101	1 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Umönnun og daglegt starf	UMÖ 103	3 ein.
Uppeldisfræði	UPP 103	3 ein.
Þrif og umsjón	ÞRI 101	1 ein.
Þroski og hreyfing	ÞRO 102	2 ein.

Starfsþjálfun **3 ein.**

STG 103 3 ein.

Brautarlýsing námsbrautar leiðbeinenda í leikskólum (LL) **71 ein.**

Almennar greinar **23 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 + 2 ein	4 ein.
Erlend mál	ENS 102 DAN ¹ 102 + 4 ein	8 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.

Sérgreinar **39 ein.**

Félagsfræði	FÉL 103	3 ein.
Fötlun	FÖT 103	3 ein.
Íslenska	ÍSL 633	3 ein.
Leikur náms og þroska	LEI 103	3 ein.
Listir og skapandi starf	LIS 103	3 ein.
Matur og næring	MAT 102	2 ein.
Samskipti og samstarf	SAS 103	3 ein.
Samtalstækni	SMT 101	1 ein.
Sálfræði	SÁL 203	3 ein.
Siðfræði	SIÐ 102	2 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Umönnun og daglegt starf	UMÖ 103	3 ein.
Uppeldisfræði	UPP 103 203	6 ein.
Þrif og umsjón	ÞRI 101	1 ein.
Þroski og hreyfing	ÞRO 102	2 ein.

Starfsþjálfun **9 ein.**

STL 103 203 213 9 ein.

Brautarlýsing námsbrautar stuðningsfulltrúa í grunnskólum (SG) **73 ein.**

Almennar greinar **23 ein.**

Íslenska	ÍSL 102 202	4 ein.
Stærðfræði	STÆ 102 + 2 ein	4 ein.
Erlend mál	ENS 102 DAN ¹ 102 + 4 ein	8 ein.
Lífsleikni	LKN 103	3 ein.
Íþróttir	ÍÞR 101 111 201 211	4 ein.

Sérgreinar **41 ein.**

Félagsfræði	FÉL 103	3 ein.
Fötlun	FÖT 103	3 ein.
Hegðun og atferlismótun	HEA 102 ²	2 ein.
Íslenska	ÍSL 633	3 ein.
Kennslustofan og nemandinn	KON 102 ²	2 ein.
Leikur náms og þroska	LEI 103	3 ein.

¹ Norska eða sænska.

² Nemendur velja annaðhvort HEA eða KON.

Listir og skapandi starf	LIS 103	3 ein.
Matur og næring	MAT 102	2 ein.
Samskipti og samstarf	SAS 103	3 ein.
Samtalstækni	SMT 101	1 ein.
Sálfræði	SÁL 203	3 ein.
Siðfræði	SIÐ 102	2 ein.
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein.
Umönnun og daglegt starf	UMÖ 103	3 ein.
Uppeldisfræði	UPP 103 203	6 ein.
Þrif og umsjón	ÞRI 101	1 ein.
Þroski og hreyfing	ÞRO 102	2 ein.

Starfsþjálfun**9 ein.**

STG 103 203 213 9 ein.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 30. apríl 2003.***Tómas Ingi Olrich.**

*Guðmundur Árnason.***SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.**

1. gr.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, nefnd VISKA, er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er í Vestmannaeyjum. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum ásamt eignum. Stofnunin er ekki háð neinum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja verða þeir sem því til staðfestingar undirrita stofnskrá. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan sex mánaða frá stofnun miðstöðvarinnar teljast einnig til stofnenda.

3. gr.

Stofnfé Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja skal eigi vera lægri upphæð en 1,5 millj. kr. – ein milljón og fimmhundraðþúsund krónur – sem stofnendur leggja fram sameiginlega. Helmingur af stofnfé, að lágmarki 750 þúsund kr. skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtað með tryggilegum hætti í innlendum bankastofnunum. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar umfram stofnframlag eru stofnendum óviðkomandi.

4. gr.

Markmið Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja er að efla menntun í Vestmannaeyjum með því að:

- standa fyrir fræðslustarfsemi sem ekki heyrir undir námsskrárbundið nám á grunn- og framhaldsskólastigi, nema sérstaklega verði um það samið.
- hafa forgöngu um fræðslu og fjarkennslu á sem flestum sviðum og miðli því til almennings og atvinnulífs í Vestmannaeyjum.
- hafa samstarf við aðra aðila í landinu sem sinna símenntun, endurmenntun og menntun á háskólastigi.
- vera í fararbroddi að nýtingu á bestu fánlegu fjarkennslutækni hverju sinni.

5. gr.

Stjórn Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja er skipuð 5 mönnum til eins árs í senn og 3 til vara. Stjórn og varastjórn er skipuð af fulltrúum frá stofnaðilum og skal hún skipuð fulltrúum frá menntastofnunum, stéttarfélögum, atvinnurekendum og Vestmannaeyjabæ. Stjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja ber að vinna að markmiðum miðstöðvarinnar og koma fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum miðstöðvarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun miðstöðvarinnar og setur sér starfsreglur.

7. gr.

Stjórn Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja ræður forstöðumann sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður ber ábyrgð gagnvart stjórn miðstöðvarinnar. Hann undirbýr fjárhagsáætlun, vinnur að fjáröflun, annast reikningskil og ræður annað starfsfólk. Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Tekjur Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar auk vaxta af stofnframlagi eru frjáls framlög frá ríki og Vestmannaeyjabæ, tekjur af þjónustu auk frjálsra framlaga frá einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum og annars aflafjár. Tekjum og eignum Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarinnar má einvörðungu verja í samræmi við markmið stofnunarinnar.

9. gr.

Gert er ráð fyrir að aðstaða til stjórnunar, kennslu og fjarkennslu vegna miðstöðvarinnar verði að finna á fleiri en einum stað í Vestmannaeyjum. Gerður verði samningur um leigu á aðstöðu þar að lútandi við viðkomandi stofnun eða fyrirtæki.

10. gr.

Reikningsár Fræðslumiðstöðvarinnar er frá 1. janúar til 31. desember. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og einnig af kjörnum skoðunarmönnum. Senda skal endurskoðaða reikninga til Ríkisendurskoðunar að loknum aðalfundi. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá.

11. gr.

Aðalfundur skal fara fram ár hvert, eigi síðar en í maí og skal boðað til hans með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Á aðalfund skal boða fulltrúa stofnenda ásamt stjórn og varastjórn. Með fundarboði aðalfundar skal senda áritaða reikninga. Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Afgreiðsla reikninga.
3. Breytingar á reglum miðstöðvarinnar.
4. Þóknun til stjórnarmanna.
5. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
6. Starfsáætlun næsta árs.
7. Önnur mál.

12. gr.

Skipulagsskrá Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar Vestmannaeyja verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur um breytingar þurfa að berast stjórn fyrir miðjan febrúarmánuð ár hvert. Breytingartillögur sem stjórnin hefur samþykkt skal senda út með fundarboði aðalfundar. Tillögur skoðast samþykktar ef 2/3 hlutar atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi samþykkja. Starfsemi miðstöðvarinnar verður einungis hætt ef stjórn og aðalfundur samþykkir það með 2/3 hlutum atkvæða. Verði starfsemin lögð niður renna eignir hennar til eflingar fræðslu og símenntunar í Vestmannaeyjum.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, og breytingar á henni skulu einnig hljóta staðfestingu sama ráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. maí 2003.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um skipulag menntamálaráðuneytis.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969, með síðari breytingum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig: Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Með ráðherra starfa aðstoðarmaður og ráðunautar við sérstök verkefni. Ráðuneytið skiptist í fjórar skrifstofur: Skrifstofu ráðherra, með fjórum sviðum og skrifstofur menntamála, vísindamála og menningarmála. Hin fjögur svið sem heyra undir skrifstofu ráðherra eru: Almennt svið, fjármálasvið, lögfræði- og stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Skrifstofustjórar stýra sviðum og skrifstofum. Einn skrifstofustjóri ráðuneytisins er staðgengill ráðuneytisstjóra. Skipting ráðuneytisins í deildir fer eftir ákvörðun ráðherra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Skrifstofa ráðherra.

Skrifstofa ráðherra skiptist í fjögur svið, þ.e. almennt svið, fjármálasvið, lögfræði- og stjórnsýslusvið og þróunarsvið. Verkefni skiptast milli sviða á eftirfarandi hátt:

Almennt svið.

Almennt svið hefur umsjón með almennri starfsemi ráðuneytisins, afgreiðslu, sameiginlegri þjónustu og skjala- og gagnastjórn. Sviðið annast einnig starfsmannamál ráðuneytisins, svo og endurmenntunarmál, upplýsingamiðlun og útgáfumál auk þess að sinna verkefnum sem lúta að því að þróa og bæta starfsumhverfi og almenna starfshætti innan ráðuneytisins.

Fjármálasvið.

Á fjármálasviði er m.a. unnið að fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar, stofnkostnaðar og tilfærslna sem tengjast aðalskrifstofu ráðuneytisins, undirstofnunum þess og þeirra undirstofnana sem ráðuneytið fer með. Þá hefur fjármálasvið umjón með ýmissi samningagerð og framkvæmdum á vegum ráðuneytisins. Auk þess hefur fjármálasvið umsjón með fjárreiðum aðalskrifstofu ráðuneytisins og annast framkvæmd kjarasamninga fyrir aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Lögfræði- og stjórnsýslusvið.

Lögfræði- og stjórnsýslusvið undirbýr ákvarðanir um lögfræði- og stjórnsýsluleg málefni innan ráðuneytisins. Umsjón með samningu lagafrumvarpa og reglugerða og undirbúningi stjórnsýsluúrskurða, auk þess sem það fer með tengsl við skrifstofu Alþingis. Lögfræði- og stjórnsýslusvið fer einnig með starfsmannamál stofnana á verksviði ráðuneytisins eftir því sem við á, auk umsjónar með málefnum er varða framkvæmd EES-samningsins og annarra alþjóðlegra samninga sem ráðuneytið fer með aðild Íslands að.

Þróunarsvið.

Á þróunarsviði er unnið að nýsköpun og þróun upplýsingatækni í tengslum við þá undirflokkna sem ráðuneytið fer með, þ.e. mennta-, menningar- og vísindamál og innra starfi ráðuneytisins. Sviðið hefur frumkvæði að nýjungum og fylgir þeim eftir til framkvæmdar. Það annast samskipti við stofnanir og fyrirtæki innanlands og erlendis um þróunar- og upplýsingatækniverkefni. Þróunarsviði er stýrt af þróunarstjóra.

Skrifstofa menningarmála.

Skrifstofa menningarmála hefur umsjón með stjórnsýslu og stefnumótun í menningarmálum. Þar er m.a. fjallað um málefni lista og menningararfs, fjölmiðlamál og mál er varða íþróttá- og æskulýðsstarfsemi. Á verksviði skrifstofunnar er m.a. samskipti við opinberar menningarstofnanir og söfn, íþróttahreyfingar, önnur félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga. Skrifstofan hefur ennfremur umsjón með opinberum stuðningi við lista- og menningarlíf, þ.á.m. starfrækslu sjóða til stuðnings listum og menningarstarfi.

Skrifstofa menntamála.

Skrifstofa menntamála undirbýr mótun og framkvæmd menntastefnu og sér um almenna stjórnsýslu á sviði menntamála innan ráðuneytisins. Skrifstofan fjallar um málefni allra skólastiga, þ.e. leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigs og auk þess m.a. um símenntun, þróun nýjunga í skólastarfi, þ.m.t. fjarkennslu, og námsstyrki. Þar er unnið að

námskrángerð fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og höfð forganga um mat á og eftirlit með skólastarfi á öllum skólastigum.

Skrifstofa vísindamála.

Skrifstofa vísindamála sér um almenna stjórnslu á sviði vísinda- og rannsóknamála innan ráðuneytisins. Þar fer fram undirbúningur og ráðgjöf vegna stefnumótunar í vísinda- og rannsóknamálum sem fer fram á vegum vísinda- og tækniráðs, auk þess sem almenn umsjón með málefnum ráðsins er á höndum skrifstofunnar. Hún hefur einnig umsjón með málefnum vísindanefndar og samræmingu á verkefnum ráðuneytisins sem lúta að vísinda- og rannsóknastarfsemi og samþættingu þeirra við mótun og framkvæmd menntastefnu.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Skrifstofur og svið hafa forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim. Skrifstofustjórar sjá um að undirbúningur verkefna og framkvæmd ákvarðana sé fullnægjandi. Þeir sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 725/2000 um skipulag menntamála-ráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytinu, 2. maí 2003.

Tómas Ingi Olrich.

Guðmundur Árnason.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Austureyjar I og III í Bláskógabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 7. maí 2002 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Austureyjar I og III í Bláskóga-byggð (fyrrum Laugardalshreppi).

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Bláskógabyggð, 8. maí 2003.

Sveinn A. Snæland, oddviti Bláskógabyggðar.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps, nr. 109/1999.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Hreppsnefnd heldur reglulega fundi á fimmtudegi eða föstudegi í þriðju viku hvers mánaðar. Fundir skulu ekki hefjast fyrr en kl. 13.00 á fimmtudegi og ekki síðar en kl. 17.00 á föstudegi umrædda daga. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

2. gr.

Í stað orðanna „Oddviti hreppsnefndar“ í 2. mgr. 44. gr. samþykktarinnar kemur: Sveitarstjóri.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 51. gr. samþykktarinnar:

- a. 4., 15. og 17. tölul. B-hluta falla brott. Aðrir töluliðir breytast til samræmis við þessa breytingu.
- b. Við B-hluta bætist nýr töluliður, er verður 18. tölul., svohljóðandi:
Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Nausts. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 3. mgr. 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.
- c. C-hluti samþykktarinnar fellur brott.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Þórshafnarhrepps hefur samþykkt skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. maí 2003.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Guðjón Bragason.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hunda, sbr. staflíð b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 10.500. Eindagi gjaldsins er 1. apríl ár hvert.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þess, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 573/1999 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

Suðurnesjum, 8. maí 2003.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

Magnús H. Guðjónsson,

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 552/1996, um öryggisráðstafanir við jarðefnanám.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. reglnanna:

- a. 2. mgr. orðast svo: Atvinnurekandi ber ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað áður en vinna hefst. Áætlunin skal meðal annars fela í sér mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd. Skal hún endurskoðuð þegar breytingar í vinnuumhverfi breyta forsendum hennar. Að öðru leyti skulu ákvæði 65.–66. gr. a laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, gilda um gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- b. Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjali“ í 3. mgr. kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.

2. gr.

Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjalinu“ í liðum 1.3, 1.8, 4.1.1, og 4.4.1 A-hluta I. viðauka, liðum 1.1 og 2.1 B-hluta I. viðauka og liðum 1.1 og 8.3 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.

3. gr.

Liður 15.7.1 A-hluta I. viðauka við reglurnar orðast svo:

Meðan á vinnu stendur skal hitastig í vinnurými vera hæfilegt fólki að teknu tilliti til þeirra vinnuaðferða sem beitt er og líkamlegs álags starfsmanna.

4. gr.

Í stað orðanna „Öryggis- og heilsuskjalið skal uppfært“ í lið 1.2 B-hluta I. viðauka og lið 1.2 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: Áætlun um öryggi og heilbrigði skal uppfærð.

5. gr.

Í stað orðanna „öryggis- og heilsuskjalið“ í lið 1.2 og 9.1 C-hluta I. viðauka við reglurnar kemur: áætlun um öryggi og heilbrigði.

6. gr.

Við 8. kafla C-hluta I. viðauka við reglurnar bætist nýr töluliður, svohljóðandi:
Varaloftræsting skal vera bundin við þróunar- og björgunarstörf og við staði sem eru í beinu sambandi við aðalloftræstinguna.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 38. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum, til innleiðingar á tilskipun nr. 92/104/EB, um lágmarkskröfur um umbætur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu starfsmanna í jarðefnanámi á yfirborði jarðar eða neðanjarðar, sem vísað er til í 16. lið f XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 7/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. maí 2003.

Páll Pétursson.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps er heimilt, í samræmi við 5. gr. samþykktar frá 11. febrúar 2003 um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu), að leggja á sérstakt gjald vegna sorphreinsunar og eyðingar sorps í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

	kr.
Sorpgjald A Íbúðarhús	5.000
Sorpgjald B Sumarhús, fullgerð eða í byggingu skv. skrá FMR	5.000
Sorpgjald C Fyrirtæki eða annar atvinnurekstur	50.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps með stöð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps, 11. febrúar 2003.

F.h. hreppsnefndar Hvalfjarðarstrandarhrepps, 11. febrúar 2003.

Hallfreður Vilhjálmsson oddviti.

SKIPULAGSSKRÁ

Vildarbörn – Ferðasjóður.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Vildarbörn - Ferðasjóður, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Icelandair ehf., kt. 461202-3490, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík. Heimili sjóðsins er aðalskrifstofa Flugleiða hf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík.

Hann starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. gr.

Markmið.

Markmið með stofnun sjóðsins er að gera langveikum börnum og börnum er búa við sérstakar aðstæður á Íslandi og í helstu nágrannalöndum sem og fjölskyldum þeirra sérstakt tækifæri til þess að ferðast frá Íslandi til útlanda og jafnframt gefa erlendum börnum kost á að heimsækja Ísland.

Markmið með stofnun sjóðsins skal náð með fjárframlögum og styrkjum sem og punkta-gjöfum Vildarklúbbsfélaga Icelandair svo sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 9 aðilum tilnefndum af Icelandair ehf. Stjórnin skiptir með sér verkum og hún skal skipuð formanni, gjaldkera, ritara og sex meðstjórnendum. Stjórninni er heimilt að skipta um formann sjóðsstjórnar hvenær sem er.

Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi.

Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Reikningarnir skulu endurskoðaðir árlega af lög-giltum endurskoðanda.

Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru.

Verndari sjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti.

4. gr.

Fagráð.

Stjórn sjóðsins velur 4 manna fagráð sem skal vera stjórninni til ráðuneytis um fram-lög úr sjóðnum. Skal fagráð sýna frumkvæði þar um og koma með tillögur að verkefnum til stjórnar.

Stjórn sjóðsins setur fagráði starfsreglur.

5. gr.

Stofnframlag.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 3.000.000 sem Icelandair ehf. leggur fram.

6. gr.

Frekari framlög.

Sjóðurinn skal taka á móti frekari fjárfraðlögum, hvort sem er frá stofnaðila eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi. Flugfreyjur/flugþjónar Icelandair munu taka á móti framlögum (mynt) um borð í flugvélum félagsins og félagar í Vildarklúbbi Icelandair geta gefið ákveðinn fjölda vildarpunkta sinna árlega.

7. gr.

Ráðstöfun fjár.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins. Fagráð er stjórninni til ráðuneytis við úthlutun framlaga úr sjóðnum.

Stjórn félagsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

8. gr.

Ávöxtun fjár.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

9. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Tillögur stjórnar um að breyta skipulagsskrá eða leggja sjóðinn niður skulu lagðar fyrir stofnanda. Ekki má breyta stofnskrá eða leggja sjóðinn niður án samþykkis stofnanda. Ákveði stofnaðili að leggja sjóðinn niður skal hann leita staðfestingar dómsmálaráðherra á því. Andvirði sjóðsins yrði þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. apríl 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla.

1. gr.

Við viðauka I bætist eftirfarandi texti.

Hráefni	Flokksheiti
<p>Beinagrindavöðvar ¹⁾ spendýra- og fugla sem eru hæfir til manndis ásamt meðfylgjandi eða tengdum vefjum þar sem heildarmagn fitu og bandvefs fer ekki yfir gildin sem tilgreind eru hér að neðan og þar sem kjötið er innihaldsefni í öðrum matvælum. „Kjötmarningur“ er undanskilinn þessari skilgreiningu.</p> <p>Hámarks magn fitu og bandvefs ³⁾ í innihaldsefnum sem eru tilgreind með heitinu „...kjöt“:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Spendýr (nema kanínur og svín) og blanda af mismunandi tegundum þar sem stærsti hlutinn er spendýr: <ul style="list-style-type: none"> - 25% fita, - 25% bandvefur. 2. Svín: <ul style="list-style-type: none"> - 30% fita, - 25% bandvefur. 3. Fuglar og kanínur: <ul style="list-style-type: none"> - 15% fita, - 10% bandvefur. <p>Ef farið er yfir þetta hámarks magn en öllum öðrum skilyrðum um skilgreiningu „kjöts“ er fullnægt skal aðlaga innihald „...kjöts“ að ofangreindum mörkum og skal tilgreina í innihaldslýsingu magn fitu og/eða bandvefs, til viðbótar við heitið „...kjöt“.</p>	<p>„...kjöt“, þar sem heiti ²⁾ dýrategundar eða dýrategundanna sem kjötið er upprunið af kemur fram.</p>

1) Þind og kjálkavöðvar eru hluti af beinagrindarvöðvum en hjarta, tunga, vöðvar í höfði (nema kjálkavöðvar), lappir og rófa / dindill / hali eru undanskilin.

2) Þegar um er að ræða merkingar á ensku má í stað þessa heitis koma almennt heiti innihaldsefnis sem einkennir dýrategundina sem um er að ræða.

3) Magn bandvefs er reiknað út á grundvelli hlutfallsins á milli kollagenmagns og magn kjötpróteins. Magn kollagens fæst með því að margfalda magn aminósýrunnar hýdroxýprólíns með stuðlinum 8.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 18. tölul. XII. kafla II. viðauka (tilskipun 2000/13/EB um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla, með síðari breytingum og tilskipun 2002/101/EBE um breytingu á tilskipun nr. 2000/13/EB um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir matvæli, sem hér eru á markaði og sem ekki eru í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, er veittur frestur til 1. janúar 2004 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Framleiðendum er heimilt að dreifa birgðum af matvælum sem merkt eru fyrir 1. janúar 2004 á meðan birgðir endast.

Umhverfisstjórnuneytinu, 6. maí 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit á Akranesi.

1. gr.

Innheimtu skv. gjaldskrá þessari er ætlað að standa straum af þeim kostnaði sem skapast við búfjárefirlit, svo sem vegna aksturs eða vinnustunda búfjárefirlitsmanns.

Árgjald fyrir eftirlit með búfénaði, sbr. samþykkt um búfjárhald á Akranesi nr. 760/1999 og lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 5.700.

2. gr.

Gjalddagi skv. 1. gr. er 1. júní og eindagi 1. júlí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

3. gr.

Komi til greiðslu viðbótarkostnaðar umfram venjubundið eftirlit með búfjárhaldi skal sá viðbótarkostnaður greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa samkvæmt sérstökum reikningi þar um.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hvertja gjaldtöku skv. 1. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. maí 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku deiliskipulags í Þingeyjarsveit.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 8. maí 2003 samþykkt deiliskipulag þjónustu- og íbúðarbyggðar sunnan Kjarna í Reykjadal.

Í skipulaginu felst tillaga að byggingarreit fyrir viðbyggingu við Laugasel ásamt 2 þjónustulóðum. Tvö núverandi íbúðarhús, Hólabraut og Hólabrekka, eru innan deiliskipulagsreitsins og eru lóðir þeirra nánar afmarkaðar í deiliskipulaginu. Sunnan við einbýlishúsið Hólabraut er gert ráð fyrir íbúðarhúsagötu samhliða þjóðvegi nr. 1.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugum, 9. maí 2003.

F.h. sveitarstjórnar,

Jóhann Guðni Reynisson, sveitarstjóri Þingeyjarsveitar.

REGLUGERÐ

um undanþágu frá skilyrðum um rétt til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi.

1. gr.

Fjármálaráðherra veitir undanþágu frá skilyrðum 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Áður en ráðherra tekur ákvörðun um undanþágu, samkvæmt reglugerð þessari, skal hann leita umsagnar prófnefndar, skv. 1. mgr. 3. gr. laga um endurskoðendur.

2. gr.

Heimilt er, samkvæmt reglugerð þessari, að leggja að jöfnu við próf það sem um getur í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur, sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef sýnt þykir að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra.

Við mat á því hvort próf frá öðrum háskólum séu sambærileg skal prófnefndin hafa að leiðarljósi próf frá viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, og þá hvaða próf í einstökum námsgreinum umsækjandi þyrfti að taka til þess að fullnægja skilyrðum laganna að þessu leyti.

3. gr.

Til að öðlast löggildingu sem endurskoðandi þarf viðkomandi að hafa unnið að alhliða endurskoðunarstörfum undir stjórn endurskoðanda samtals í þrjú ár. Heimilt er að allt að tvö ár af þriggja ára lágmarksstarfstíma hafi verið unnin undir stjórn erlendra endurskoðenda, enda séu að mati prófnefndar gerðar sambærilegar kröfur og hér á landi um þjálfun og starfsreynslu.

4. gr.

Umsækjandi um löggildingu til endurskoðunarstarfa á Íslandi, sem hefur fengið löggildingu til endurskoðunarstarfa erlendis, getur fengið undanþágu frá ákvæðum 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um endurskoðendur, enda standist hann próf í skattarétti og skattskilum, sem próf-

nefnd annast og löggilding hans til endurskoðunarstarfa sé að öðru leyti talin sambærileg við kröfur hér á landi að mati prófnefndar. Einnig sýni viðkomandi fram á að hann uppfylli skilyrði um endurmenntun, skv. 2. mgr. 4. gr. laga um endurskoðendur.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 6. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997, um endurskoðendur, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 593/2002, um löggildingu endurskoðenda með próf frá öðrum háskólum en Háskóla Íslands.

Fjármálaráðuneytinu, 9. maí 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elva Ósk S. Wiium.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (VI).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 frá 5. júní 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2002 frá 19. apríl 2002 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðin (EB) nr. 1386/2001 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð fjármálaráðuneytisins er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2002, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 29, 13. júní 2002, bls. 14-15, er birt sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 6. maí 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1386/2001**

frá 5. júní 2001

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem lögð var fram að höfðu samræði við framkvæmdaráð Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við ákvæði 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Rétt er að gera tilteknar breytingar á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1408/71 ⁽⁴⁾ og (EBE) nr. 574/72 ⁽⁵⁾. Þessar breytingar tengjast breytingum sem aðildarríkin hafa gert á löggjöf sinni um almannatryggingar.
- 2) Í kjölfar tilkynningar frönsku ríkisstjórnarinnar til forseta ráðsins um yfirlýsingu þess efnis að reglugerð (EBE) nr. 1408/71 muni gilda um frönsku viðbótar-lífeyrissjóðina tvo ARRCO og AGIRC er rétt að greiða fyrir beitingu reglugerðarinnar varðandi þessi kerfi með því að bæta nýjum liðum við C-hluta IV, viðauka og VI, viðauka við hana, einkum í því skyni að taka tillit til þess að þessi lífeyriskerfi eru í eðli sínu viðbótarkerfi í samanburði við grunnkerfin og þeirrar staðreyndar að réttindin, sem þau veita, eru reiknuð á grundvelli fjölda áunninna lífeyrissigma óháð því hve mörgum tímabilum er lokið.

3) Rétt er að gera grein fyrir því að bætur samkvæmt lögboðna, austurríska kerfinu um sérstaka aðstoð eru greiddar í samræmi við ákvæði 3. kafla í III. bálki reglugerðar (EBE) 1408/71.

4) Breyta ber þættinum „N. SVÍÐJÓÐ“ í VI. viðauka þannig að tekið sé tillit til úrskurðar dómstóls Evrópubandalaganna frá 11. júní 1998 í máli C-275/96 Kuusijärvi gegn Riksforsäkringsverket ⁽⁶⁾.

5) Rétt er að breyta 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 í því skyni að aðskilja hana 4. mgr. 34. gr. og vísa þannig ekki lengur til endurgreiðslu sem bundin er ákvæðnu hámarki þegar lagt er út fyrir útgjöldum meðan á dvöl stendur í aðildarríki sem ekki kveður á um endurgreiðslutaxta í löggjöf sinni.

6) Brynt er að breyta 1. mgr. 93. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 í því skyni að taka tillit til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 307/1999 ⁽⁷⁾, þar sem reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er rýmkuð þannig að hún taki til námsmanna.

7) Rétt er að breyta 107. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 í kjölfar upptöku evrunnar 1. janúar 1999.

8) Í því skyni að ná markmiðinu um frjálsa för launþega og sjálfstætt starfandi einstaklinga er rétt og skylt að breyta reglum um samræmingu innlendra almannatryggingakerfa með bindandi lagagæringi bandalagsins er gildi beint í hverju aðildarríki.

9) Að undanskilinni 42. gr. er ekki kveðið á um aðrar valdheimildir við samþykkt þessarar reglugerðar í sáttmálanum en þær sem eru getur í 308. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 274 E, 26.9.2000, bls. 113.⁽²⁾ Stjtið. EB C 367, 20.12.2000, bls. 18.⁽³⁾ Álit Evrópupingsins frá 15. febrúar 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2001.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1399/1999 (Stjtið. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1).⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1399/1999.⁽⁶⁾ Domasafn EB (ECR), 1998, bls. 1-3419.⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 38, 12.2.1999, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka a, IV. og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 574/72 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 5. mgr. 34. gr. komi eftirfarandi:

„5. Ef ekki er kveðið á um endurgreiðslutaxta í löggjöf dvalarríkis getur þar til bær stofnun látið endurgreiðslu fara fram samkvæmt þeim töxtum sem hún starfar eftir án þess að samþykki hlutaðeigandi einstaklings sé nauðsynlegt. Endurgreiðsla má aldrei vera hærrí en raunverulega útlagður kostnaður.“

2. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 93. gr.:

„1. Þar til bær stofnun skal endurgreiða, samkvæmt bókhaldsgögnum, þeirri stofnun sem greiðir fyrir aðstoðina raunkostnað vegna aðstoðar sem er veitt skv. 1. og 2. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem eru búsettir í sama aðildarríki. svo og vegna aðstoðar sem veitt er skv. 21. gr. (2. mgr.), 22. gr., 22. gr. a, 22. gr. b, 25. gr. (1., 3. og 4. mgr.), 26. gr., 31. gr., 34. gr. a eða 34. gr. b í reglugerðinni.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 5. júní 2001.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. Fontaine

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. Engqvist

forseti.

3. Ákvæðum 107. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Að því er varðar framkvæmd eftirfarandi ákvæða:

a) reglugerð: 12. gr. (2., 3. og 4. mgr.), 14. gr. d (1. mgr.), 19. gr. (síðasti málslíður b-liðar 1. mgr.), 22. gr. (síðasti málslíður ii-liðar 1. mgr.), 25. gr. (næstsíðasti málslíður b-liðar 1. mgr.), 41. gr. (c- og d-liður 1. mgr.), 46. gr. (4. mgr.), 46. gr. a (3. mgr.), 50. gr., 52. gr. (síðasti málslíður b-liðar), 55. gr. (síðasti málslíður ii-liðar 1. mgr.), 70. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr.) og 71. gr. (ii-liður a-liðar og næstsíðasti málslíður ii-liðar b-liðar 1. mgr.),

b) framkvæmdarreglugerð: 1., 4., og 5. mgr. 34. gr., skal umreikningsgengi innlands gjaldmiðils, vegna fjárhæða sem eru gefnar upp í gjaldmiðli annars lands, vera hið sama og gengið sem framkvæmdastjórnin reiknar út í hverjum mánuði á viðmiðunartímabilinu, sem er skilgreint í 2. mgr., á grundvelli viðmiðunargengis gjaldmiðla sem Seðlabanki Evrópu birtir.“

b) 3. mgr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 1. gr., að því er varðar breytingar á þættinum „E. FRAKKLAND“ í C-hluta IV. viðauka og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71, skulu gilda frá og með 1. janúar 2000.

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka a, IV. og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er breytt sem hér segir:

1. Í stað c- og g-liða þáttarins „O. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ í II. viðauka a komi eftirfarandi:
 - „c) Skattafsláttur launþega með fjölskyldu (b-liður 1. tölul. 123. þáttar laga um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga frá 1992 (Social Security Contributions and Benefits Act 1992), b-liður 1. tölul. 122. þáttar laga um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Norður-Írland) frá 1992 (Social Security Contributions and Benefits (Northern Ireland) Act 1992) og lög um skattafslátt frá 1999 (Tax Credits Act 1999).“
 - „g) Skattafsláttur fatlaðra einstaklinga (c-liður 1. tölul. 123. þáttar laga um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga frá 1992 (Social Security Contributions and Benefits Act 1992), c-liður 1. tölul. 122. þáttar laga um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga (Norður-Írland) frá 1992 (Social Security Contributions and Benefits (Northern Ireland) Act 1992) og lög um skattafslátt frá 1999 (Tax Credits Act 1999).“
2. Í stað orðsins „ENGIN“ í þættinum „E. FRAKKLAND“ í C-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„Allar umsóknir um lífeyri eða eftirlifendalífeyri samkvæmt viðbótarlífeyrskerfi fyrir launþega að undanskildum umsóknum um ellilífeyri eða lífeyri eftirlifandi maka samkvæmt viðbótarlífeyrskerfi fyrir flugáhafnir í almenningsflugi.“
3. VI. viðauka er breytt sem hér segir:
 - a) Þættinum „E. FRAKKLAND“ er breytt sem hér segir:
 - i) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. lið:

„Áðurgreind skilyrði skulu einnig gilda þegar ákvæðin, sem gefa frönskum launþega sem stundar atvinnu eða viðbótarkerfa, taka með í reikninginn öll tryggingaár sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, heildarfjöldi eftirlaunastiga sem eru fengin með því að deila með samsvarandi árafjöldi í þann stigafjölda sem safnað hefur verið samkvæmt löggjöf sem um þau gildir.“
 - ii) Í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. Þegar reikna skal út viðmiðunarfrjárhæð þá sem getið er í a-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skal þar til bær stofnun, þegar um er að ræða ellilífeyri reiknaðan á grundvelli eftirlaunastiga innan grunn- eða viðbótarkerfa, taka með í reikninginn öll tryggingaár sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, heildarfjöldi eftirlaunastiga sem eru fengin með því að deila með samsvarandi árafjöldi í þann stigafjölda sem safnað hefur verið samkvæmt löggjöf sem um þau gildir.“
 - iii) Eftirfarandi liður bætist við:

„9. Frönsk löggjöf, sem gildir um launþega eða fyrrum launþega að því er varðar beitingu 3. kafla III. bóls reglugerðarinnar, telst gilda bæði um grunnellilífeyrstryggingakerfi og viðbótarlífeyrskerfi sem viðkomandi einstaklingur hefur heyrt undir.“
 - b) Eftirfarandi liður bætist við þáttinn „K. AUSTURRÍKI“:

„7. Lítið er á sérstaka aðstoð, samkvæmt lögum um sérstaka aðstoð („Sonderunterstützungsgesetz“) frá 30. nóvember 1973, sem ellilífeyri að því er varðar beitingu reglugerðarinnar.“
 - c) Í stað 1. liðar þáttarins „N. SVÍPÍJÓÐ“ komi eftirfarandi:

„1. Að því er varðar beitingu 72. gr. reglugerðarinnar skal réttur einstaklings til foreldrabóta ákvarðast þannig að tryggingatímabil, sem er lokið í öðru aðildarríki, eru talin byggjast á sömu meðaltekjum og sænsku tryggingatímabilin sem þau leggjast við.“

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2002

2002/EES/29/10

frá 19. apríl 2002

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 117/2001 frá 28. september 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 frá 5. júní 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almanna--trygginga-reglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.
- 3) Í kjölfar samninga milli Liechtensteins og Hollands, Noregs og Þýskalands, sem og milli Noregs og Lúxemborgar, ber að uppfæra þrjá aðlögunarliði við reglugerð (EBE) 574/72.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skul gerðar á VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71):

„- **32001 R 1386:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 frá 5. júní 2001 (Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72):

„- **32001 R 1386:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 frá 5. júní 2001 (Stjtið. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1).“

3. Aðlögunarlið g) í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) skal breytt sem hér segir:

A. Í stað textans, en ekki fyrirsagnarinnar, undir 132. lið (LIECHTENSTEIN-HOLLAND) komi eftirfarandi:

„Ákvæði 2. til 6. gr. í samningnum frá 27. nóvember 2000 um uppgjör kostnaðar á sviði félagslegs öryggis.“

B. Textanum, en ekki fyrirsögninni, undir 141. lið (NOREGUR-ÞÝSKALAND) skal breytt sem hér segir:

„Ákvæði 1. gr. samningsins frá 28. maí 1999 um niðurfellingu á endurgreiðslu á kostnaði vegna aðstoðar við veikindi, meðgöngu og fæðingu, vinnuslys og atvinnusjúkdóma og vegna kostnaðar við eftirlit og lækniáæðun.“

C. Textanum, ekki fyrirsögninni, undir 147. lið (NOREGUR-LÚXEMBORG) skal breytt sem hér segir:

„Ákvæði 2. til 4. gr. samkomulagsins frá 19. mars 1998 um endurgreiðslu kostnaðar á sviði félagslegs öryggis.“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 1386/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Sgüð. EB L 322, 6.12.2001, bls. 29 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 60, 6.12.2001, bls. 27.

⁽²⁾ Sgüð. EB L 187, 10.7.2001, bls. 1.

3. gr:

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr:

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Sjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (réttindi úr lífeyrissjóðum) (VI).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 frá 5. júní 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal gilda á Íslandi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2002 frá 19. apríl 2002 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, að því leyti sem hún lýtur að réttindum úr lífeyrissjóðum og réttindum til barnabóta. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá félagsmálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1386/2001 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2002, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 29, 13. júní 2002, bls. 14, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 356/2003.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 56. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 13. maí 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Ingvi Már Pálsson.

